

# ÞINGGERÐ



2005

# **45. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLIEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.**

**Haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005**

**LAUGARDAGUR 1. MAÍ**

## **1. SETNING ÞINGSINS**

Ólafur Rafnsson formaður KKÍ sté í pontu og kallaði þá Pétur Hólmsteinsson ÍR og Gísli Pál Pálsson Hamri upp og þakkaði þeim góð störf í þágu hreyfingarinnar og veitti þeim silfurmerki KKÍ.

Því næst kallaði hann Kára Marisson upp og afhenti honum gullmerki KKÍ og þakkaði honum góð störf í þágu hreyfingarinnar undanfarna áratugi.

Því næst sagði Ólafur þetta 45. ársþing KKÍ sett.

## **2. KOSNING KJÖRBRÉFANEFDAR, ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA**

Ólafur Rafnsson tók fyrst fyrir kosningu þriggja manna í kjörbréfanefnd og sagði að stungið hefði verið uppá þeim Guðjóni Þorsteinssyni, Bjarna G. Þórmundssyni og Inga Þór Steinþórssyni í kjörbréfanefnd og var það samþykkt með lófaklappi. Hann bað nefndina að taka strax til starfa og þingfulltrúa um að koma kjörbréfum og umboðum til kjörbréfanefndar.

Ólafur Rafnsson stakk uppá Pétri Hrafni Sigurðssyni sem fyrsta þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi.

Hann tók því næst fyrir kosningu annars þingforseta og stakk uppá Hannesi S. Jónssyni og var það samþykkt með lófaklappi.

Hann tók því næst fyrir kosningu þingritara og sagði að stungið hefði verið upp á þeim Birni Leóssyni sem 1. þingritara og Hannesi Birgi Hjálmarssyni sem 2. þingritara og var það samþykkt með lófaklappi.

Pétur Hrafn Sigurðsson tók við stjórn þingsins. Hann þakkaði fyrir þann heiður sem honum hafi verið sýndur.

## **3. KOSNING FASTRA NEFNDA**

Fjárhagsnefnd:

Eyjólfur Guðlaugsson, Arnar Scheving Thorsteinsson og Halldóra Lúthersdóttir.

Laganefnd:

Gylfi Þorkelsson, Guðbjörg Norðfjörð og Bárður Eyþórsson.

Allsherjarnefnd:

Hrannar Hólm, Gísli Páll Pálsson og Hrafn Kristjánsson.

sinni, og jafnvel oftar en tvisvar – og nær allir leikirnir voru í opinberum mótum þar sem allt er lagt undir.

Það er því kannski lýsandi að einn fjölmáttillinn lýsti árangrinum sem svo að þarna væri um að ræða “Körfuboltasumarið sem önnur yrðu miðuð við”. Þrátt fyrir að hér sé um að ræða allt að því ósanngjarnt góðan árangur, þá veit ég að okkar metnaðarfullu leikmenn hyggjast gera jafnvel betur í ár – sé það á annað borð hægt fyrir svo litla þjóð. Stoltið við að spila með fánann á brjóstinu hefur fleytt okkur lengra en flestir þora að spá.

Erlendis hefur þessi árangur sannarlega vakið athygli. Ég sæki reglulega fundi á vegum FIBA Europe, og vissulega er spurt kurteislega “hvernig gangi” o.s.fr., og ég hef auðvitað af samsvarandi kurteisi spurt um hael hvernig gangi hjá þjóð viðmælandans. Í ár hefur brugðið svo við að spurningarnar voru öðruvísi og beinskeittari. Nú var ekki um að ræða kurteisishjal. Menn hafa hreinlega þekkt árangur landsliðanna, og þá ekki bara piltalandslíðsins, heldur vakti annað sæti stúknalandslíðsins líka athygli.

Menn hafa einfaldlega spurt okkur hvað í ósköpunum þessi dvergþjóð langt í norðri sé að gera umfram sér langtum stærri þjóðir í uppbyggingarmálum körfubolta. Höfum við forsvarsmenn KKÍ verið stoltir af því að hafa jafnvel verið beðnir að flytja erindi á erlendri grundu um þau mál.

Eitt af því sem ég hef orðað á þeim vettvangi eru þær fórnir sem ýmsir okkar leikmanna hafa fært. Innan okkar vébanda eru engar prímadonnur. Leikmenn sem hafa fórnæð sumarleyfum fjölskyldunnar – leikmenn sem hafa kostað til fjárhagslega allri sumarhýrunni – leikmenn sem hafa e.t.v. ekið hundruð kílómetra á æfingar allt sumarið – eru ekki leikmenn sem eru mættir í leiki án baráttu fyrir sínu liði, eða til þess að bera virðingu fyrir hálaunuðum unglungum stórþjóða. Nei, þetta eru leikmenn sem skutla sér í gólfíð á eftir hverjum einasta bolta.

Þetta viðhorf hefur vakið mikla aðdáun erlendis og í raun verið rætt út frá þjálfunarfræðilegum forsendum. Einhverja skýringu verða menn að finna.

En þessi árangur er ekki okkar hjá sambandinu – hann er fyrst og síðast ykkar hjá félögnum. Það er gott starf í grásrotinni og gott samstarf KKÍ, félaga og foreldra sem hefur skapað þessa afreksmenn. Samstarf í stað deilna, jákvæðni í stað niðurrifs og skilningur í stað nöldurs. Þetta er það hagsmunamat sem endurspeglar raunverulegan metnað – og skilar árangri. Fyrir það ber að þakka.

Þegar svo vel er að verki staðið á fyrstu stigum þá er eftirleikurinn auðveldari – og einnig fyrir okkur hjá KKÍ að standa í sviðsljósi og baða okkur í ljóma árangurs sem við höfum raunverulega öll náð í sameiningu.

Á komandi sumri liggur svo fyrir keppni í enn fleiri aldursflokkum en í fyrra. Við sendum fimm yngri landslið til keppni af sex flokkum mögulegum, sem taka munu þátt í Evrópukeppni í Eistlandi, Slóvakíu, Búlgaríu, Bosníu og á Spáni, og auk þess munu fjögur þessara liða taka þátt í Norðurlandamótinu í Svíþjóð nú eftir nokkra daga. Þar fer 60 manna glæsilegur hópur á okkar vegum – nú ekki sem litla dvergríkið í Norðurlandasamstarfinu, heldur til að verja þrjá af fjórum NM-titlum.

A-landsliðin hafa einnig í ýmsu að snúast. Bæði liðin taka þátt í Smáþjóðaleikunum í Andorra eftir mánuð, en hæst ber svo síðari umferð í Evrópukeppni karlalandslíða þar sem við þurfum að sigra Dani hér heima og Rúmena ytra í haust. Þar verða sannarlega stórleikir á ferð – og því líkur leikmannahópur sem við höfum úr að velja.

Og talandi um leikmannahóp. Mikið úrvval íslenskra leikmanna leikur nú á erlendri grundu – líklega fleiri en nokkru sinni fyrr. Í kringum 20 íslendingar leika nú sem beinir og óbeinir atvinnumenn í körfuknattleik beggja vegna Atlantsála, og hápunktur þess var eflaust þegar Jón Arnór Stefánsson var valinn til að leika í stjörnuleik Evrópu nú í apríl, eftir að hafa átt stórkostlegt tímabil og vera meðal hæstu manna í kjöri Íþróttmanns ársins hér heima í desember.

En svo kom veturinn...

Ég leyfi mér að fullyrða að móta hald síðasta vetrar var eitt hið glæsilegasta um margra ára skeið. Ný félög hafa á undanförnum árum hleypt nýju lífi í deildakeppni efstu deilda, og blásið var á úrtölur um sífellda fækku áhorfenda á kappleikjum. Flest félög sýndu þar að veldur hver á heldur. Óvenju mikill fjöldi leikja var vel sóttur, og úrslitakeppnin var – annað árið í röð – glæsilegur vitnisburður um starf ykkar félaganna á því sviði. Höfum við tvímaðlalaust tekið forskot á keppinauta okkar á því sviði.

Ekki má gleyma alþjóðlegri keppni félagsliða, en vart verður fundinn betri mælikvarði en samanburður við aðrar þjóðir þegar kemur að því að meta framfarir í íslenskum körfuknattleik. Sá mælikvarði sýnir sömu niðurstöður og landsliðssumarið 2004, þ.e. við höfum sannarlega bætt okkur í þeim samanburði.

Lið Keflavíkur sigraði á NM félagsliða í Noregi, og á sama tíma sigraði lið Njarðvíkur á öðru sambærilegu móti í Danmörku þar sem þeir lögðu hið geysisterka lið Bakken Bears að velli. Í kvenna flokki var einnig lagst í víking, þar sem lið Keflvíkinga fór á móti Danmörku, og viti menn – þær fóru þar með sigur af hólmi.

Og auðvitað má ekki gleyma þátttöku Keflvíkinga í Evrópukeppnninni, sem í senn hefur verið ánægjuleg uppfylling vegna breytingar á landsliðsdagatali í alþjóðlegum körfubolta samhliða eftirtektarverðum árangri annað árið í röð. Forseti franska sambandsins ræddi sérstaklega við mig um málið erlendis í vetur, og reyndi að gera mér grein fyrir þeim aðstöðu- og fjárhagsmun sem er t.d. á liði í efstu deild í Frakklandi og litlu liði frá Íslandi – sem þó sigraði bæði heima og heiman.

Fjölmíðlaumfjöllun um körfuknattleik hefur aukist í vetur. Um þetta liggja fyrir hlutlægar upplýsingar. Mánaðarleg mappa frá Miðlun hf. um blaðaúrkippur hefur þykkað tölvert, og fjöldi beinna útsendinga hefur ekki verið meiri í nokkur ár, eða á þriðja tuginn. Þessu til viðbótar er svo regluleg og góð umfjöllun í fréttatímum ljósvakamiðla og síaukin umfjöllun á nýjasta miðlinum – netinu, sem fer vaxandi ár frá ári – ekki síst í gegnum heimasíðu KKÍ.

Við verðum seint ánægð með magn eða gæði fjölmíðlaumfjöllunar – en meta ber engu að síður það sem vel er gert. Viljum við þakka ánægjuleg samskipti við fjölmíðla á nýafstöðnu keppnistímabili og vonumst eftir því að augu fleiri íslendinga hafi opnast fyrir þeirri stórkostlegu skemmtun sem körfuknattleikurinn sannarlega er.

Liðið starfsár fól í sér tvenn framkvæmdastjóraskipti hjá sambandinu – eftir að hafa búið yfir stöðugleika í formi Péturs Hrafnss Sigurðssonar um 17 ára skeið. Berlega kom í ljós hversu mikil verðmæti búa í slíkri reynslu og slíkum stöðugleika.

Núverandi framkvæmdastjóri sambandsins, Hannes Birgir Hjálmarsson, er vonandi kominn til að vera. Honum var sannarlega hent út í djúpu laugina í ágúst s.l. og hefur vart fengið að stinga höfði upp úr vatninu síðan þá. Samstarf okkar hefur verið með miklum ágætum, og hann býr – auk þess að þekkja vel til í körfuboltameimum – yfir mörgum góðum kostum. En ég leyfi mér samt að fullyrða að yfirstandandi starfsár er það langerfiðasta á mínum ferli, ekki síst vegna aukinnar ábyrgðar vegna nýtilkomins reynsluleysis á skrifstofu sambandsins.

Nálægt 4000 e-mail skeytasendingar bera nokkurn vott um það annríki, þar af hátt á þriðja þúsund við Hannes Birgi. Þetta gera u.p.b. 20 skeytu á dag að meðaltali auk ótal funda og símtala, og ljóst má vera að ég mun ekki treysta mér í gegnum annan slíkan vetur.

Það er hinsvegar orðin staðreynd í okkar sívaxandi starfsemi að skrifstofa KKÍ er undirmönnuð um sem nemur 1,5 – 2 stöðugildum – hvorki meira né minna. Þetta er einfaldlega staðreynd, og nægir þar að líta til annarra sambærilegra sérsambanda með svipað umfang hérlandis – sem og körfuknattleikssambanda í nágrannalöndunum.

KKÍ rekur eitt umfangsmesta mótaþald hér á landi. Það er raunar með ólíkindum hversu viðamikið og hnökralítið starfið er með þeim takmörkuðu úrræðum sem til boða standa. Munar þar talsvert um skilvirkst sjálfboðastarf stjórnar og nefnda. Vil ég sannarlega færa öllum þeim aðilum mínar bestu þakkir fyrir veturinn.

Töluberð vinna fer ávallt fram á vegum sambandsins sem ekki er á yfirborðinu eða hinum almenna félagsmanni ljós, og lýtur að því að treysta varanlega tekjupósta sambandsins. Hefur KKÍ þannig verið virkur þáttakandi í umræðu og fundum gagnvart ríkisvaldinu um erfiða fjárhagslega stöðu sérsambanda ÍSÍ, og einnig sambærilegri vinnu á vettvangi FIBA Europe.

Við höfum á undanförnum áratug getað staert okkur af talsverðum stöðugleika í fjármálum, og reynt að sýna mikla ábyrgð í fjárhagslegum rekstri. Hinsvegar hefur ytra umhverfi orðið æ óhagstæðara, og samkeppni um stóra sponsorsamninga og sjónvarpssamninga orðið óhagfelldari með hverju árinu sem líður.

Eftir að hafa byggt upp öflugt og stöðugt fræðslu-, ungmenna- og landsliðsstarf á undanförnum árum blasir nú einfaldlega við hrún ef ekki skapast ný úrræði. Alltof erfiðlega hefur gengið að láta stjórnálamenn þessa lands færa glansorð sín á tyllidögum í framkvæmd þegar kemur að lágmarksfjármögnun fyrir hið ómetanlega forvarnarstarf sem íþróttahreyfingin á Íslandi vinnur á hverjum einasta degi. Er það ríkisvaldinu til skammar hvernig á þeim málum hefur verið haldið.

Rétt er að taka þó fram – svo alls sannmælis sé gætt – að viðhorfsbreyting hefur orðið við úthlutun afreksstyrkja á vegum ÍSÍ. Ekki er lengur notuð copy/paste aðferðin þar sem erfiðara virtist að komast af styrkjum heldur en á þá – og sömu 3-4 sérsamböndin átu upp 80-90% styrkjafjárhæðanna ár eftir ár. Nú fer fram efnislegra mat á stærð og umfangi íþróttagreinanna samhliða því að eigin hlutur sérsambandanna við afreksstarf er metinn.

Hefur margra ára barátta KKÍ í samstarfi við önnur vanmetin sérsambönd þar skilað sér með málefnalegri sanngirni.

---

Að lokum... aðeins á persónulegri nótum...

Á tveggja ára fresti þarf ég að standa frammi fyrir fjölskyldu minni og meðeigendum í fyrirtæki mínu og velta upp þeirri ákvörðun hvort bæta eigi við tveimur árum til viðbótar í sjálfboðaliðsstörfum fyrir körfuknattleikshreyfinguna.

Í ár er ég að ljúka fyrra ári núverandi kjörtímabils – og stend því í raun ekki frammi fyrir slíkri ákvörðun að sinni.

Næsta ár verða liðin 10 ár frá því ég tók við formennsku í þessu sambandi sem ég ann svo heitt – og 16 ár frá því ég kom inn í stjórn.

Það líður varla sá dagur að ég spyrji mig sjálfan ekki hvað ég sé að gera hér, og hvort ég hafi örugglega eitthvað nýtt fram að færa – eða jafnvel hvort ég sé að verða fyrir – hvort ég sé orðinn staðnaður og standi framþróun hreyfingarinnar jafnvel fyrir þrifum.

Önnur spurning er alltaf aldurinn – þótt ég sé enn sem komið er yngri heldur en forveri minn var þegar hann tók við formennsku, sem hann þó gegndi í átta ár samfleytt. Aldur er því afstæður í þessu samhengi – og starfsaldur líka. Ég held raunar að stöðugleiki að þessu leyti sé vanmetinn þáttur í árangri.

Niðurstaðan er þrátt fyrir allt sú að hér er ég enn – eflaust fyrst og síðast fyrir ykkar traust, hvort sem ég hef staðið undir því eða ekki. Og það er ekki nokkur vafi í mínum huga að þegar framlengingarhugleiðingar mínar á tveggja ára fresti skjóta upp kollinum þá er það einmitt fyrst og síðast þeir yndislegu samferðarmenn mínir innan hreyfingarinnar sem hafa auðveldað mér ákvörðun um að halda áfram.

Þið þurfið því líklega að verða leiðinlegri svo þið losnið við mig...

En það er þó alls ekki vegna þess – en ég hef að vel íhuguðu máli ákveðið að komandi starfsár verði að öllum líkindum mitt síðasta sem formanns KKÍ, og hyggst ég að öllu óbreyttu ekki gefa kost á mér til endurkjörs á næsta ársþingi 2006.

Ég vil nota þetta tækifæri nú til slíkrar yfirlýsingar svo hreyfingunni gefist hóflegt svigrúm fram að næsta þingi til að finna einhvern skemmtilegri í starfið. Það ætti varla að vera erfitt.

En ég er engan veginn að kveðja hér og nú – framundan er vonandi annasamt og starfssamt þing, og í framhaldi þess enn eitt viðburðarríkt starfsár.

Um leið og ég þakka samstjórnarmönnum mínum og starfsmönnum skrifstofu KKÍ fyrir ánægjulegan vetur óska ég þingheimi gæfu í sínum störfum þessa helgi.

Takk fyrir.

Þingforseti gaf því næst Guðjóni Þorsteinssyni formanni kjörbréfaneftnar orðið.

Guðjón fór yfir kjörbréfin og las upp nöfn þingfulltrúa. Hann bað menn að rísa úr sætum þegar nafn þeirra væri lesið.

### **Íþróttabandalag Reykjavíkur**

Atli Freyr Einarsson með umboð fyrir Kristinn Vilbergsson.

Arnar Scheving Thorsteinsson með umboð fyrir Tómas Örn Sigurbjörnsson.

Ingí Þór Steinþórsson með umboð fyrir Hermann Hauksson.

Böðvar Guðjónsson með umboð fyrir Birgi Hákonarson.

Hannes Birgir Hjálmarsson með umboð fyrir Gunnar Zoëga.

Pétur Hólmsteinsson

Þorgeir Einarsson

Gísli Georgsson

Magnús Ólafsson

Snorri Örn Arnaldsson með umboð Jón Odd Davíðsson.

Árni Grétar Gunnarsson með umboð fyrir Ragnar Torfason.

Margrét Sigurðardóttir með umboð fyrir Sigurð H. Leifsson.

### **Ungmennasamband Kjalarnesþings**

Ólafur Rafnsson

Guðjón Magnússon með umboð fyrir Björgu Theodórsdóttur.

Hannes S Jónsson með umboð fyrir Ingigerði Júlíusdóttur.

Bjarni Gaukur Þórmundsson með umboð fyrir Ástu B. Gunnlaugsdóttur.

Björn Leósson með umboð fyrir Önnu R. Möller.

Eggert Baldvinsson með umboð fyrir Kristján Jóntansson.

Pétur Hrafn Sigurðsson með umboð fyrir Sóley Ægisdóttur.

### **Ungmenna og íþróttabandalag Austurlands**

Hafsteinn Jónasson

Björn Kristleifsson

### **Ungmennasamband Borgarfjarðar**

Jóhann Waage með umboð fyrir Ólaf Helgason.

### **Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalasýslu**

Hjörleifur K. Hjörleifsson með umboð fyrir Daða Sigurðórsson.

Bárður Eyþórsson

Alda Pálsdóttir

Gissur Tryggvason

Ragnheiður Axelsdóttir

## **Hérðaðssamband Vestfirðinga**

Guðjón Már Þorsteinsson  
Eygló Jónsdóttir  
Ingólfur Þorleifsson  
Helgi Sigmundsson  
Gísli H. Halldórsson  
Thelma Guðjónsdóttir með umboð fyrir Baldur Inga Jónasson.

## **Ungmennasamband Skagafjarðar**

Kári Marisson með umboð fyrir Axel Kárason.

## **Íþróttabandalag Akureyrar**

Guðmundur Ævar Oddsson með umboð fyrir Jónas M. Pétursson UMSE.  
Hrafn Kristjánsson með umboð fyrir Hrafn Kristjánsson UMSE.  
Þorgils Sævarsson  
Rúnar Ingimarsson

## **Héraðssambandið Skarphéðinn**

Gylfi Porkelsson með umboð fyrir Önnu Maríu Óladóttur.  
Gísli Páll Pálsson með umboð fyrir Engilbert Olgeirsson.  
Kristinn G. Kristinsson með umboð fyrir Guðna Pétursson.

## **Íþróttabandalag Suðurnesja**

Eyjólfur Guðlaugsson með umboð fyrir Magnús Andra Hjaltason.  
Pétur Rúðrik Guðmundsson með umboð fyrir Almar Þór Sveinsson.  
Sigrún Jónsdóttir með umboð fyrir Hjörtfríði Jónsdóttur.

## **Íþróttabandalag Reykjanesbæjar**

Árni B. Hjaltason  
Valþór Söring Jónsson  
Halldóra Lúthersdóttir með umboð fyrir Kristján Pálsson.  
Einar Árni Jóhannsson með umboð fyrir Erling Hannesson.  
Hrannar Hólm með umboð fyrir Hermann Helgason.  
Birgir Bragason með umboð fyrir Særúnu Guðjónsdóttur.  
Guðsveinn Ólafur Gestsson  
Kristján Guðlaugsson  
Brynjar Hólm Sigurðsson

## **Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**

Sverrir Hjörleifsson með umboð fyrir Hálfán Markússon.

Gunnar Hauksson með umboð fyrir Gísla Sigurbergsson.  
Gunnar Stefánsson með umboð fyrir Brynjar Indriðason.  
Guðbjörg Norðfjörð

Guðjón áminnti þingfulltrúa um að fylla kjörbréfin rétt út og sagði að UMSK hefði verið eina sambandið sem gert hefði það rétt. Að því búnu þakkaði Guðjón fyrir sig og óskaði þingfulltrúum ánægjulegs þings.

Þingforseti þakkaði kjörbréfanefnd fyrir hennar störf og lýsti því næst eftir athugasemdu við störf kjörbréfanefndar.

Eyjólfur Guðlaugsson spurði hvort UMSK væri þá ekki eina sambandið með löglega þingfulltrúa og bað Guðjón að kynna fyrir þingheimi hvernig fylla ætti kjörbréfin út.

Hannes Birgir Hjálmarsson gerði athugasemd við ógildingu umboðs (síðar talið gilt).

Þingforseti lagði til að tillaga kjörbréfanefndar um 58 gilda fulltrúa yrði borin undir atkvæði og síðar væri hægt að taka fyrir athugasemdir við nokkur atriði sem komið hefðu uppá í störfum kjörbréfanefndar, ógildingu umboða o.s.f.v.

Sú tillaga var samþykkt.

Því næst var tekin fyrir beiðni Hannesar Birgis Hjálmarssonar um að umboð sem hann hafði fyrir Gunnar Zoëga yrði tekið gilt.

Sú tillaga var samþykkt.

Hjörleifur K. Hjörleifsson gerði athugasemd við ógildingu á umboði sem hann hafði. Bað um að annað nafnið á umboðinu yrði strikað út þannig að óumdeilt væri fyrir hvern hann hefði umboð.

Þingforseti bar þá tillögu undir atkvæði og var hún samþykkt.

Guðjón Þorsteinsson formaður kjörbéfanefndar útskýrði að UMSK hefði fyllt út kjörbréf sitt á þann hátt að skýrt væri hver væri fulltrúi og fyrir hvern hann væri með umboð.

## 5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS TIL SAMÞYKKTAR

Eyjólfur Guðlaugsson, gjaldkeri KKÍ, kynnti endurskoðaða reikninga sambandsins.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Gissur Tryggvason HSH spurði út í tölur í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi sagði þær ekki stemma. Hann spurði jafnframt hvernig gæti staðið á því að félög væru stórskuldug við KKÍ, því gera þyrfti upp skuld til að geta fengið leyfi fyrir erlendan leikmann.

Eyjólfur Guðlaugsson gjaldkeri KKÍ sagði að reikningar fyrir þáttökugjöldum félaganna væru sendir út í október, þeir væru með gjalddaga 1. nóvember og fæst félaganna væru búin að greiða þessa reikninga um áramót. Hann besti einnig á að töliverður fjöldi félaga sem tæki þátt í Íslandsmóti væri ekki með erlenda leikmenn og því væri KKÍ ekki með tæki til að innheimta skuldir þeirra félaga. Eyjólfur benti einnig á að reikningar varðandi bikarkeppni væru sendir út í desember og gjalddagi þeirra væri 1. febrúar. Hann sagði jafnfram að skuldir félaganna við KKÍ um áramót væru ekki allar í vanskilum. Hann bað um tíma til að fara yfir samlagningu talna í efnahags- og rekstrarreikningi.

Guðjón Þorsteinsson HSV lýsti yfir vonbrigðum sínum með mætingu á síðasta formannafund og sagðist sjálfur ekki hafa getað mætt vegna ófærðar. Hann sagði að einnig hefði verið ófært með flugi frá Ísafirði þegar lokahóf KKÍ var haldið og þá hefði verið orðið of seint að keyra. Hann sagði að mikilvægt væri fyrir félögin að halda út góðri heimasíðu, körfuboltafélögin væru þar á undan flestum öðrum félögum og þar ætti enn að bæta í. Hann kom því næst að starfsskýrslum ÍSÍ og sagði ljóst að þar vantaði talsvert uppá að félögin skiluðu réttum tölu. Allt of mikið að iðkendum væru ekki tilkynntir til ÍSÍ. Loks bað Guðjón þingheim að rísa úr sætum og hafa þögn í eina mínútu til minningar um Stefán Ingólfsson fyrrum formann KKÍ sem lést á arinu. Guðjón hvatti menn til að taka þátt í störfum þingsins og segja sína skoðum svo allir gætu verið sáttir eftir þing.

Hrannar Hólm ÍRB sagði að ekki væri einfalt mál að innheimta fjárhagskröfur KKÍ. Menn væru að reyna að ganga hart fram í því að félögin gerðu upp við KKÍ, en menn vildu jafnframt ekki stuðla að því að félög legðu niður starfsemi þótt þau ættu við tímabundana fjárhagserfiðleika að stríða. Einnig væri gott ef gjaldkeri gæti aldursgreint útistandandi skuldir, þannig að það sæist hvað stór hluti væri í vanskilum. Hrannar vék því næst að tillögu um að hækka þáttökugjöld félaganna og velti upp þeirri spurningu hvernig fjármagna ætti starfsemi eins og KKÍ stendur fyrir. Hann sagði að félögin stæðu undir 15% af veltu sambandsins og gert væri ráð fyrir sama hlutfalli í nýrri fjárhagsáætlun. Hann sagði að viða erlendis væra þetta hlutfall mun hærra. Það væri félaganna að sjá til þess að halda KKÍ gangandi.

Eyjólfur Guðlaugsson gjaldkeri KKÍ sagðist hafa farið yfir samlagningu á efnahags- og rekstrarreikningi og ekki fundið neina villu. Nema eina krónu í skuldum 2004 sem væri rúnuð af. Því hlyti hér að vera um einhvern misskilning að ræða. Hann benti einnig á að vaxtagjöldin væru færð á annan stað í rekstaráætluninni og það gæti valdið þessum misskilningi.

Þingforseti bar því næst ársreikninga KKÍ undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

## 6. STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSAÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR

Þessi liður var tekinn með 7. lið, sjá þingskjal nr. 31.

## 7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR PÆR SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR

Þingforseti tók fyrst fyrir þrjár tillögur frá Jóhanni Waage og Guðjóni Þorsteinssyni og hugðist leita afbrigða til að þær yrðu teknaðar fyrir. Áður en til þess kom ákvað Jóhann Waage að draga tillögurnar til baka.

Þingforseti las því næst upp tillögur um vísum þingskjala til þingnefnda.

Þingskjal nr. 1 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 2 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 3 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 4 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 5 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 6 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 7 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 8 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 9 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 10 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 11 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 12 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 13 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 14 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 15 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 16 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 17 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 18 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 19 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 20 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 21 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 22 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 23 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 24 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 25 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 26 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 27 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 28 til allsherjarnefndar.  
Þingskjal nr. 29 til laganefndar.  
Þingskjal nr. 30 til fjárhagsnefndar.  
Þingskjal nr. 31 til fjárhagsnefndar.

Þingforseti bar því næst tillögu um vísun þingskjala til þingnefnda og var hún samþykkt.

## 8. TEKNAR TIL UMRÆÐU AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL, SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR.

Þingforseti frestaði þingi, en minnti á að fundir nefnda hæfust strax að loknum hádegisverði.

### **PINGHLÉ**

#### SUNNUDAGUR 2. MAÍ

##### 9. NEFNDARÁLIT OG TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLUR UM ÞÆR.

Þingforseti gekk til dagskrár og gaf Eyjólfí Guðlaugssyni formanni fjárhagsnefndar orðið.

Eyjólfur tók fyrir þingskjal nr. 2 og sagði að nefndin legði til breytingartillögu sem merkt væri þingskjal nr. 2 a. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 2 a yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 2 og 2 a.

Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 2 a undir atkvæði og var það samþykkt.

Eyjólfur tók fyrir þingskjal nr. 5 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 5. Engin kvaddi sér hljóð og bar þingforseti því þingskjal nr. 5 undir atkvæði og var það fellt.

Eyjólfur tók fyrir þingskjal nr. 7 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 7. Engin kvaddi sér hljóð og bar þingforseti því þingskjal nr. 7 undir atkvæði og var það samþykkt.

Eyjólfur tók fyrir þingskjal nr. 27 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 27.

Nokkrir þingfulltrúar tóku til máls og voru flestir þeirra á því nauðsynlegt væri að halda lokahóf KKÍ með glæsibrág, en að ekki væri rétt að skylda félögini til að kaupa miða á hófið.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 27 undir atkvæði og var það fellt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 30. Hann sagði að nefndin legði til smávægilegar orðalagsbreytingar sem kæmu fram í þingskjali sem merkt væri 30 a. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 30 a yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr 30 og 30 a. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 30 a undir atkvæði og var það samþykkt.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 31. Hann sagði að nefndin legði til breytingar sem kæmu fram í þingskjali sem merkt væri 31 a. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 31 a yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr 31 og 31 a. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 31 a undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingforseti gaf því næst Gylfa Porkelssyni formanni laganeftnar orðið.

Hann sagði að laganeftnd legði til að nokkur þingskjöl yrðu felld á þessu þingi, en innihaldi þeirra yrði vísað til milliþinganeftnar sem gerði tillögu að skipan mótaahalds í yngri flokkum fyrir næsta þing. Þessi tillaga kæmi fram í nýju þingskjali, nr. 32, sem lagt hafði verið fyrir þingið. Þau þingskjöl sem um væri að ræða væru nr. 3, 4, 15, 22, 23, 24 og 25.

Guðjón Þorsteinsson óskaði eftir því að við skipan nefndarinnar yrði þess gætt að rödd minni félaga á landsbyggðinni heyrðist.

Gylfi Porkelsson sagði að í nefndinni hefði verið bent á að sjónarmið félaga væru mjög mismunandi og þess yrði gætt að nefndin leitaði eftir öllum hugsanlegum sjónarmiðum áður en hún skilaði tillögum fyrir næsta ársþing KKÍ.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 32. Enginn kvaddi sér hljóðs og lagði hann til að greidd yrðu atkvæði um þann framgang mála að fyrt yrðu greidd atkvæði um að vísa þessum umræddu þingskjöl til milliþinganeftnar og síðan yrðu greidd atkvæði um skipan nefndarinnar. Þingforseti óskaði eftir athugasemdum við þennan framgang mála. Engar athugasemdir komu fram og bar þingforseti því næst upp fyrri hluta þingskjals nr. 32 um að umræddum þingskjölum yrði vísað til milliþinganeftnar og var það samþykkt. Því næst bar hann upp síðari hluta tillögunnar um skipan nefndarinnar og var það samþykkt.

Gylfi tók næst fyrir þingskjal nr. 1. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 1. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 1 undir atkvæði og var það samþykkt.

Gylfi tók því næst fyrir þingskjal nr. 6. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 6. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 6 undir atkvæði og það fellt með öllum greiddum atkvæðum gegn sex.

Gylfi tók því næst fyrir þingskjal nr. 8. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu sem merkt væri 8 a. Um væri að ræða smávægilega orðalagsbreytingu. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 8 a yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 8 og 8 a.

Guðjón Þorsteinsson sagði að nauðsynlegt væri að til væri stafur á blaði um beiðnir um frestanir leikja. Hann sagðist ekkert skilja í athugasemdum vegna málfarsvillna.

Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 8 a og var það samþykkt.

Gylfi tók því næst fyrir þingskjal nr. 20. Hann sagði að komið hefði fram breytingartillaga sem merkt væri 20 a. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 20 a yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 20 og 20 a.

Bjarni G. Þórmundsson sagði að sig minnti að nefndin hefði ætlað að leggja til að þingskjal nr. 20 yrði samþykkt óbreytt. Breytingartillagan kæmi ekki frá nefndinni heldur frá Birni Leóssyni. Hann sagði að hægt væri að leysa vandamál vegna tölfraðiskráningar með því að hafa föstu númerin (4-15) í röð á bak við búninganúmerin. Hann sagði að kosturnir við tillöguna í þingskjali nr. 20 væru miklir og bað þingheim að samþykka þingskjal nr. 20.

Gylfi Þorkelsson baðst afsökunar á því að hafa eignað nefndinni breytingartillöguna. Nefndið hefði ætlað að leggja til að þingskjal nr. 20 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 20 a og var það fellt með meirihluta atkvæða. Hann var því næst upp þingskjal nr. 20 og var það samþykkt með meirihluta atkvæða.

Gylfi tók því næst fyrir þingskjal nr. 21. Hann sagði að nefndin legði fram breytingartillögu sem merkt væri 21 a. ákvæði um skotklukku væri fellt út. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 21 a yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 21 og 21 a. Enginn kvaddi sér hlóðs og bar þingforseti því þingskjal nr 21 a undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gylfi tók því næst fyrir þingskjal nr. 29. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 29. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 29 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gylfi þakkaði að lokum þeim sem tóku þátt í störfum nefndarinnar fyrir þeirra innlegg og áhuga.

Þingforseti gaf því næst Hrannari Hólm formannni allsherjarnefndar orðið.

Hrannar sagði að reynt yrði að einfalda afgreiðslu þeirra tillagna sem snéru að úrvalsdeild og erlendum leikmönnum því fjöldi mismunandi tillagna um það efni gerði úrvinnsluna nokkuð flókna. Hann sagði að fyrst yrðu tekin fyrir þingskjöl sem ekki snéru að úrvalsdeild eða erlendum leikmönnum. Hann tók fyrir þingskjal nr. 9 sem fjallar um hvort erlendum leikmönnum sé heimilt að skipta á milli félaga hérlandis á meðan á keppnistímabili stendur. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu sem kæmi fram í þingskjali 9 a. Nefndin legði til að það þingskjal yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 9 og 9 a. Engin kvaddir sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 9 a undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust.

Hrannar Hólm sagðist óttast afleiðingar þess ef þingskjal nr. 9 með áorðnum breytingum yrði samþykkt. Honum hefði snúist hugur í þessu máli og hann legði persónulega til að þingskjalið yrði fellt.

Guðjón Þorsteinsson HSV sagðist persónulega vera það klár að hann gerði sína samninga við erlenda leikmenn þannig úr garði að þeir gætu ekki farið í neitt annað félag hér á landi nema með hans samþykki. Væru allir aðilar sammála um félagaskipti erlenda leikmannsins þá væri það gróði fyrir alla. Hann sagðist vita fjögur dæmi um að félög hafi viljað fá erlenden leikmann til sín sem búið var að segja upp samningi hjá öðru félagi en það hafi ekki mátt. Þetta væri spurning um heiðursmannasamkomulag og menn ættu að treysta hver öðrum, annrs væri ekki gaman að vinna í þessari hreyfingu.

Eggert Baldvinsson UMSK sagðist vona að engin væri svo barnalegur að halda að menn væru vinir þegar keppnin væri komin í gang. Hugmyndin sem kæmi fram í þingskjali 9 væri falleg en það væri alltaf hægt að fara á bak við svona reglur ef menn ætluðu sér það. Ef þetta yrði samþykkt þá byði það uppá stórhættu og hann óttaðist fyrirsagnir blaðanna þegar félög færð að stela leikmönnum hvert af öðru. Síðan sæi hann fyrir sér að tillaga kæmi fram á ársþingi eftir 1-2 ár þar sem lagt væri til að þessu væri breytt til baka.

Guðjón Þorsteinsson HSV sagðist ekki trúa því að til þess kæmi að félögin færð að stela leikmönnum hvert af öðru. Hann sagðist vilja sjá félögin gera með sér heiðursmannasamkomulag um að reyna ekki að ná leikmönnum hvert frá öðru.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 9 með áorðnum breytingum undir atkvæði og var það fellt með meirihluta atkvæða.

Hrannar Hólm tók því næst fyrir þingskjal nr. 10, þingsályktun frá Hjörleifi K. Hjörleifssyni HSH um gistingu fyrir leikmenn í fjölliðamótum. Hann sagði að Hjörleifur hefði ákveðið að draga tillöguna til baka en Hjörleifur vildi koma á framfæri þeirri ósk að félög sem væru að halda fjölliðamót legðu sig fram við að aðstoða þau félög sem væru að koma sem gestir í slík mótt.

Þingforseti spurði flutningsmann tillögunnar á þingskjali 10 hvort hann hyggðist draga tillöguna til baka og fékk það staðfest.

Hrannar tók því næst fyrir þingskjal nr. 26 sem varðar erlenda leikmenn í 1. deild kvenna. Hrannar sagði að skiptar skoðanir hefðu verið um tillöguna, en sagði það að nefndin teldi þessa breytingu ekki endilega til góðs. Alveg eins væri hægt að fara fram hjá þessari reglu þótt leikirnir væru fimm í staðinn fyrir einn, þó það væri aðeins meira mál.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 26.

Guðjón Þorsteinsson sagði að koma þyrfti í veg fyrir að félög gætu fengið sér erlenda leikmenn rétt fyrir úrslitakeppni.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 26 undir atkvæði og var það fellt með meirihluta atkvæða.

Hrannar tók næst fyrir þingskjal nr. 28 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 28. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 28 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Hrannar vék því næst að breytingum á reglugerð um úrvalsdeild og erlendra leikmenn. Hann sagði að nefndin hefði leitað leiða til að einfalda afgreiðslu þeirra tillagna sem snéru að þessum málefnum. Hann sagði að aðalágreiningurinn væru um fjölda erlendra leikmanna utan Evrópu. Hann sagði að nefndin legði til að þingheimur greiddi atkvæði á milli tveggja leiða A og B sem lagðar hefðu verið fram á þingskjólum 33 og 34. Hann sagði að þessar tvær tillögur endurspegluðu í raun þau sjónarmið sem komið hefðu fram. Þau þingskjöl sem A og B byggðu á yrðu ekki tekin fyrir hvert fyrir sig. Hann sagði að sú tillaga sem fengi fleiri atkvæði yrði síðan borin undir atkvæði og ef hún yrði felld þá yrði óbreytt ásand.

Þingforseti leitaði afbrigða hjá þingheimi við að afgreiða mál allsherjarnefndar eins og Hrannar Hólm stakk uppá og var það samþykkt samhljóða.

Hrannar sagðist þakklátur þingheimi fyrir að hafa samþykkt þessa leið því hún sparaði mikla vinnu. Hann sagði að nefndin legði til þessar tvær tillögur, en gerði ekki upp á milli þeirra þótt menn hefðu sínar persónulegar skoðanir.

Þingforseti gaf orðið laust um tillögur allsherjarnefndar.

Ingi Þór Steinþórsson ÍBR sagði það kappsmál KR-inga að leika með einn Bandaríkjaman í sínu liði. Það hefði verið snjallt hjá Hrannari Hólm að koma með tillögu og two erlenda leikmenn áháð þjóðerni að, en það þýddi í raun tveir Bandaríkjamenn. Hann sagðist mæla með því að þingheimur samþykkti tillögu A. Hann sagði að íslenskir leikmenn yrðu að fá að axla ábyrgð, en það væri ekkert óeðlilegt þá sum félög styrktu sig með Bosman – leikmönnum til að geta haldið úti öflugu starfi. Hann sagðist sakna þess að sjá ekki íslenska leikmenn á meðal stigahæstu manna í deildinni. Það hefði ekki komið vel út að vera með two Bandaríkjamenn, Íslendingarnir hefðu fallið í skuggan af þeim.

Guðmundur Ævar Oddsson ÍBA skýrði frá könum sem hann gerði meðal leikmanna í úrvalsdeild um fjölda erlendra leikmanna. Hann sagði að þátttaka í könnuninni hefði verið góð og helsta niðurstaða væri sú að mikil óánægja væri meðal leikmanna með núverandi ástand. Hann sagði að 80% leikmanna og þjálfara vildu fá einn Bandaríkjaman í hvert lið. Hann sagði að þetta væri viðhorf sem ekki væri hægt að líta framhjá. Hann sagði að uggr væri í 70% leikmanna og þjálfara og þeim finndist eins og deildin væri að breytast í 3 á 3 móti. Hann bað menn um að hafa þetta í huga þegar kosið yrði. Framtíð íslensks körfubolta væri í húfi.

Kristján Guðlaugsson ÍRB sagði að Keflavík vildi tvo erlenda leikmenn. Hann sagðist ekki sjá rökin fyrir því að takamarka fjöldan við einn. Hann benti á að í Evrópukeppninni hefði Keflavík leikið á móti svissnesku félagi sem hefði verið með tvo svissneska leikmenn innan sinna raða og þeir hefðu aldrei komið inná. Hann sagði könnunina góðra gjalda verða, en ef svipuð könnun yrði gerð í Sviss yrði niðurstaðan örugglega sú sama og hér eða fleiri vildu fækka erlendum leikmönnum. Hann sagði körfuboltann á Íslandi í mikilli sókn og síðasta tímabil hefði verið frábært. Því fyndist honum rétt að halda áfram á sömu braut fremur en að taka skref til baka.

Guðjón Þorsteinsson HSV óskaði eftir því að fulltrúi Snæfells, Gissur Tryggvason, kæmi í pontu og útskýrði skoðun sína á launapakinu. Hann sagði að KFÍ hefði verið eina liðið sem hefði þorað að vera með einn Bandaríkjaman. Hann upplýsti að stjórn KFÍ hefði tekið þá ákvörðun í samráði við leikmenn liðsins. Síðan hefði komið þrýstingur frá bæjarbúum um jólín að bæta við öðrum leikmanni. Stjórnin hefði þá spurt leikmenn um álit á því og 80% hefðu viljað fá leikmann, en 20% hefðu verið á móti. Stjórninni hefði þótt það næg andstaða og því ekki tekið viðbótarmann. Hann bað fulltrúa allra félaganna að koma í pontu og segja sína skoðun á tillögunum og standa á bak við þá ákvörðun sem yrði tekin. Ekki koma fram á spjallsíðum eftir þingið og lýsa óánægju sinni, gera það á þinginu og færa rök fyrir sínu máli.

Snorri Örn Arnaldsson ÍBR sagðist vera sammála því sem fram hjá Ingí Þór og Guðmundi Ævari. Hann sagði að niðurstöður könnunar Guðmundar væru afgerandi og fór yfir nokkrar tölur úr henni. Hann sagðist hafa heyrt að uggr væri í yngri leikmönnum og þeir væru ekki vissir um að fá tækifæri með sínum félagsliðum. Það væri slæmt á sama tíma og fjöldi efnilegra leikmanna hefði aldrei verið meiri. Hann sagðist telja að tillaga A væri leið í rétta átt.

Eggert Baldvinsson UMSK sagði það gleymdist stundum að Íslendingar væru razistar. Það væri kanski sárt að viðurkenna það. En þegar tveir Bandaríkjamen væru í liði væru 90% líkur á því að þeir væru svartir. Ef þeir væru hvítir væri ekki sama gagnrýni og neikvæð umræða uppá borðinu, m.a. í fjlölmíðum. Hann sagði sagði líka að yngri leikmenn yrðu að sjá tækifæri á því að fá að leika með meistaraflokk í framtíðinni, ekki bara að sitja á bekknunum. Hann sagði að Breiðablik væri að reyna að kynna körfubolta í Kópavogi en samt væri staðreynd að tífalt fleiri stelpur á aldrinum 14-15 ára væru í fótbolta en körfubolta svo dæmi væri tekið. Hann sagði góðan árangur yngri landsliðanna sl. sumar ekki vegna þess að það hefðu verið tveir Bandaríkjamen í liðunum sl. vetur. Þau væru að skila árangri í framhaldi að því að hér hafi verið einn Bandaríkjamaður. Hann sagðist þó skilja aðstæður félaga úti á landi sem þyrfti að bæta við sig mönnum, en ættu í erfiðleikum með að fá íslenska leikmenn. Með tveimur “erlendum leikmönnum” væri verið að takmarka möguleika þessara félaga að bæta við sig Bosman-leikmönnum.

Kári Marisson UMSS sagðist vera fylgjandi óbreyttu skipulagi. Það hefði verið gerð breyting í fyrra og það væri gott að hafa stöðugleika í þessum málum. Hann sagðist vilja sjá óbreytt ástand næsta vetur, en síðan mætti endurskoða málið á næsta þingi. Hann sagði það sína bjargföstu skoðun að körfuboltinn á Íslandi væri með því besta sem gert væri í íslensku íþróttalífi. Þeir bandarísku leikmenn sem hér væru að leika væru margir hverjir við það að komast inn í NBA-deildina og engin önnur íþróttagrein gæti boðið uppá íþróttamenn í jafn háum gæðaflokki. Hann sagði að áhorfendafjöldi hefði aukist og halda ætti áfram á sömu braut. Hann sagði að hinn almenni leikmaður í deildinni liti upp til þessara erlendu leikmanna og þá spurningu hefði vantað í könum Guðmundar Ævars. Hann bað menn að hafa heildarhagsmunina í huga og sagðist sjálfur mæla með óbreyttu ástandi í fjölda erlendra leikmanna.

Einar Árni Jóhannsson ÍRB sagði að það væri ekki rétt sem kom fram hjá Kára að áhorfendum hefði fjölgað. Hann sagðist hafa orðið var við áhyggjur foreldra unglingslandsliðsmanna af því að þeirra krakkar fengju ekki tækifæri til að leika þegar í meistaraflokk væri komið. Hann sagði að rúm 8% leikmanna í könum Guðmundar Ævars væru þeirrar skoðunar að íslenskir leikmenn væru að fá næga ábyrgð í leikjum með sínum liðum og um 70% hefðu áhyggjur af því að íslenskir leikmenn fengju ekki og taka ábyrgð og þroskast eðlilega. Hann benti á að Jón Arnór Stefánsson, Pavel Ermolinskij, Jakob Sigurðarson, Helgi Magnússon og Logi Gunnarsson, skrautfjaðrir íslensks körfubolta hefðu alist upp í umhverfi þar sem var einn Bandaríkjamaður í hverju liði og þeir hafi 16-17 ára gamlar verið farnir að fá lykilhlutverk með liðum sínum. Þetta væri ekki að gerast mikið í dag og svo yrði ekki ef boltinn væri 70%-80% í höndunum á tveimur bandarískum leikmönnum eins og sl. vetur. Hann sagðist vonast til þess að þingheimur veldi að hafa einn erlendan leikmann.

Gylfi Þorkelsson HSK sagðist fagna því að fulltrúar félaganna segðu sinn hug í þessum málum. Hann sagðist vera að gera slíkt fyrir Hamar/Selfoss. Hann taldi að helstu rök fyrir því að leyfa einn Bandaríkjaman að mati þeirra sem komið hefðu í pontu að ungit íslenskir leikmenn fengju ekki tækifæri og ábyrgð í liðunum. Hann sagðist vera fordómalaus gagnvart þeim tillögum sem lægju fyrir A eða B og sagði að velja yrði þá leið sem best næði þeim markmiðum sem stefnt væri að. Hann sagðist hafa áhyggjur af fjölda annarrra erlendra leikmann en bandarískra og sagði að tillaga A næði ekki nógu vel því markmiði að fækka erlendum leikmönnum, sama hvort þeir væru bandarískir eða evrópskir, ef þeir væru að taka tíma frá ungum íslenskum leikmönnum. Hann sagði að vonandi yrði lækkun launabaksins til þess að evrópskum leikmönnum fjölgaði ekki, en hafði samt efasemdir um að svo yrði. Hann sagðist í vanda staddur um það hvor tillagan væri betri. Hann bað þá menn sem styddu tillögu A að hafa það hugfast að sú tillaga gæfi möguleika á nokkrum Bosman-leikmönnum og ef menn færðu að kaupa þá væru þeir ekki að gefa íslenskum leikmönnum tækifæri og væru því komnir í hring í röksemendum sínum. Hann sagði að ef til vill hefði átt að ganga alla leið og leyfa bara einn erlendan leikmann burtséð frá þjóðerni.

Jóhann Waage UMSB sagðist sammála Kára um óbreytt fyrirkomulag. Hann sagði Skallagrím ekki hafa tök á að hafa marga Íslendinga í sínum röðum og því þurft að sækja í Bandaríkjamen og Bosman-leikmenn. Hann sagði varðandi Pavel Ermolinskij að hann hefði fengið tækifæri hjá Skallagrím á sínum tíma þrátt fyrir bandarískan leikmann og 2-3 Bosman-leikmenn í liðinu. Sama mætti segja um Hlyn Bæringsson.

Því mætti ekki alhæfa um þessi mál eins og gert hefði verið. Hann sagði þótt áhorfendum hefði ekki fjölgað á höfuðborgarsvæðinu þó hefði þeim fjölgað úti á landi. Í Borgarnesi hefði þeim fjölgað um 10-15% og væru tæplega 400 að meðaltali. Hann sagði evrópska leikmenn ekki dýrari en bandarískra leikmenn, af því hefði hann langa reynslu. Það væri því hans skoðun að best væri að hafa óbreytt ástand í málum erlendra leikmanna.

Ingi Þór Steinþórsson sagði það mikla vinnu fyrir stjórnarmenn að finna peninga fyrir erlendu leikmennina og hann sem yngri flokka þjálfari vildi frekar sjá aukinn metnað í því starfi hjá félögunum. Hann sagði skammalega fá félög með metnað gagnvart yngri flokka starfinu. Hann bað félögin að líta í eigin barm hvað þetta varðaði. Við værum í mikilli samkeppni um krakka við aðra afþreyingu og það væri mikil vinna að búa til aðlaðandi umhverfi fyrir yngri flokka. Hann sagði t.d. að langt væri síðan gott yngri flokka lið hefði verið í Borgarnesi og þar væri ekki markvisst yngri flokka starf. Hann hrósaði Ísfirðingum fyrir gott yngri flokka starf og sagði drengjaflokkinn þeirra þann besta sem það félag hefði átt. Yngri flokkarnir væru framtíðin, en ekki erlendir leikmenn. Hann vitnaði í viðtal við Laszlo Nemeth á vef KR þar sem haft var eftir honum að menn ættu að hugsa minna um magn og meira um gæði hvað varðar erlenda leikmenn á Íslandi. Ingi sagði jafnfram að verið væri að greiða erlendum leikmönnum skammarlega lág laun, sem varla stæðust lög. Hann besti á að KR hefði haft erlendan leikmann sem hét Keith Vassell sem skilað hefði miklu til félagsins og í Þorlákshöfn væri maður sem héti Rob Hodgson sem væri að skila þar frábæru starfi. Allt of lítið væri um að slíkir menn veldust til starfa hjá félögunum. Víða væri ekki verið að sinna yngri flokka starfinu, lýsti ma. eftir því starfi í Grindavík. Að lokum benti Ingi Þór á að einu tækifærin sem Pavel fékk í úrvalsdeildinni hefðu verið hjá ÍR. Hann lagði að lokum til að menn veldu tillögu A.

Gissur Tryggvason HSH sagði að aðrar aðstæður væru á landsbyggðinni, þar væri úr litlu að spila. Stykkishólmur væri 1.200 manna byggðarlag sem væri lítið miðað við Reykjavík. Síðan vildu ungar menn mennta sig og þyrftu því að fara annað til þess. Snæfell hefði m.a. einu sinni átt allt byrjunarliðið í Val. Hann sagði vel haldið um yngri flokka starfið í Stykkishólmi og það hefði skilað mörgum góðum leikmönnum í gegnum tíðina. Hann sagðist vera vilja óbreytt ástand en mælti með tillögu B af þeim sem í boði væru. Hann sagðist vilja breiða út körfubolta um allt land, en ekki hefta hann, en það gerðum við með því að fara aðra leið en í B-tillögunni.

Kristinn Kristinsson HSK tók undir með Gylfa og Gissuri og sagði mótsögn í tillögu A. Hún gengi í raun skemur en tillaga B hvað varðaði fjölda erlendra leikmanna. Ef menn vildu fækka erlendum leikmönnum ætti að taka skrefið til fulls og skilgreina Bosman-leikmenn. Hann sagði stöðugleika góðan og hægt væri að sníða agnúa af þeim reglum sem væri í dag án þess að fækka bandarískum leikmönnum. Hann sagðist skilja viðhörf Keflavíkinga vegna Evrópukeppni og sagðist ekki skilja afhverju Ísland þyrfti að vera öðru vísu en öll önnur lönd Evrópu, önnur en England og Finnland, þar sem leyfðir væru tveir Bandaríkjumenn. Vonandi myndu fleiri íslensk lið huga að þátttöku í Evrópukeppni á næstu árum. Hann sagðist mæla með tillögu B.

Hrannar Hólm sagði að allt hefði verið sagt í þessu máli sem segja þyrfti og öll rök með og á móti tillögunum væru komin fram. Hann óskaði eftir því að atkvæðagreiðslan gengi hratt fyrir sig.

Þingforseti sagði að beðið hefði verið um skriflega atkvæðagreiðslu og kallaði menn upp til að fá atkvæðaseðla sína afhenta í samræmi við kjörbréf. Að lokinn atkvæðagreiðslunni kynnti þingforseti niðurstöðurnar. Hann sagði að eitt atkvæði væri autt, tillaga A hefði fengið 56 atkvæði og tillaga B 26 atkvæði.

Þingforseti bar því næst upp tillögu A sem breytingu á þeim reglum sem í gildi væru og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

Hádegisverðarhlé.

Þingforseti gekk á ný til dagskrár. Hann tilkynnti að Kristinn G. Kristinsson hefði dregið þingskjal nr. 13 til baka. Hann sagði að næst yrði tekið fyrir þingskjal nr. 14. þ.e.a.s segja fyrri hluti þess sem merktur er sem 14 a hér í þinggerðinni.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 14 a.

Krstinn G. Kristinsson sagði að í kjölfar þess að leið A hefði verið valin lægi beint við að taka upp skilgreiningu á Bosman-leikmönnum, þannig að Bosman-leikmaður væri eingöngu sá sem kæmi frá landi innan evrópska efnahagssvæðisins. T.d. að pólskur leikmaður væri ekki Bosman A leikmaður þótt Pólland væri innan EES, þar væri í gangi tveggja ára frestun á frjálsu flæði vinnaufs að ræða.

Gísli Páll Pálsson úr allsherjarnefnd sagði að nefndin hefði ekki tekið afstöðu til þess hvort hún styddi eða væri andvíg þessari tillögu. Hann sæi hins vegar ekkert að því að samþykka hana.

Þingforseti bar þá þingskjal nr. 14 a undir atkvæði og var það fellt með 28 atkvæðum gegn 21.

Þingforseti gaf Gísla Páli Pálssyni allsherjarnefdarmanni orðið, en mann tók fyrir þær tillögur sem vísað var til nefndarinnar, en eftir stóðu eftir atkvæðagreiðsluna um leið a og leið b, í forföllum Hrannars Hólm.

Gísli sagðist líta svo á að KR-ingar og Njarðvíkingar hefðu dregið sínar tillögur til baka úr því að leið A hafi verið samþykkt og hreyfði það ekki mótmælum þingheims.

## 10. ÖNNUR MÁL

Þingforseti tók fyrst fyrir tillögu um skipun milliþinganeftnar um málefni yngri flokka. Hann sagði að tillaga hefði komið fram um að eftirtaldir aðilar skipuðu nefndina: Bjarni G. Þórmundsson, Snorri Örn Arnaldsson, Ingi Þór Steinþórsson, Pétur Hrafn Sigurðsson og Karl Jónsson og var það samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti tilkynnti að nú yrði dregið í töfluröð fyrir úrvalsdeild, 1. deild karla og kvenna.

Þingforseti gaf Birni Leóssyni orðið og útskýrði hann fyrirkomulagið á drættinum. Björn sagði að sú nýbreytni yrði tekin upp að þess yrði gætt í drættinum að Keflavík og Njarðvík ættu ekki heimaleiki í sömu umferðum.

Pingforseti dró miðana úr fötu og fyrst var dregið í 1. deild karla.

Drátturinn fór þannig: 1. Þór P. 2. Drangur 3. Breiðablik 4. Tindastóll 5. ÍS 6. KFÍ 7. Stjarnan 8. Reynir S. 9. HHF 10. Valur.

Þá var dregið í 1. deild kvenna.

Dráttur fór þannig: 1. ÍS 2. UMFN 3. Breiðablik 4. Haukar 5. UKFG 6. Keflavík.

Þá var dregið í Intersport-deildinni.

Drátturinn fór þannig: 1. ÍR 2. Snæfell 3. Höttur 4. UMFG 5. Fjölnir 6. UMFN 7. Skallagrímur 8. KR 9. Haukar 10. Þór Ak. 11. Hamar/Selfoss 12. Keflavík.

Pingforseti gaf því næst orðið laust.

Guðjón Þorsteinsson þakkaði öllum fyrir frábært þing og góða skemmtun. Hann skammaðist yfir lélegri mætingu á formannafundi og hvatti fólk til að bæta þar úr. Hann hvatti fólk til dáða í gerð heimasíðna og bauð fram aðstoð við það. Þá kvartaði hann yfir umgjörð leikja og að á einum stað þar sem hann kom með sitt lið til að keppa hefðu körfur verið í ólagi og félagið hefði talað um að leika leikinn einhvern tíman síðar. Hann bað menn um að fara yfir öll atriði vegna umgjörðar leikja fyrir mótið þannig að þau væru í lagi. Hann bað fulltrúa félaganna að vera duglegri að hafa samband við fjöldiðla. Þá bað hann menn að vera duglega að senda umbeðnar upplýsingar til KKÍ t.d. leikmannalista. Hann sagðist vonast til þess að körfboltablaðið sem gefið var út kæmi áfram og þá helst fyrir tímabilið, en ekki eftir að það væri komið vel af stað. Hann bað menn einnig um að leiðréttu upplýsingar um sitt félag á kki.is. Hann sagðist óska eftir því að þjálfarar og aðrir mættu á fundi með dómurum þegar um reglubreytingar væri að ræða. Hann sagði að þjálfarar KFÍ hefðu farið á námskeið í Serbíu sl. sumar og nú í júlí færur þeir til Bandaríkjanna og hvatti önnur félög til að gera slíkt hið sama. Hann hrósaði Breiðabliki fyrir útsendingar frá leikjum á netinu og sagði að vonandi breiddist það út að fleiri félög gætu gert þetta. Hann sagðist hafa upplýsingar um að allt að 300 manns væru að horfa á þessar útsendingar. Að lokum sagðist Guðjón vera að láta útbúa diska með myndum frá óvissuferðinni daginn áður og félögin fengu þann disk sendan til sín fljótlega. Að lokum þakkaði hann fólk fyrir skemmtunina kvöldið áður og sagði að kvöldið hefði verið eitt það skemmtilegasta sem hann hefði upplifað.

## 11. KOSNING FORMANNS

Fráfarandi formaður, Ólafur Rafnsson, átti eftir eitt ár kjörtímabili sínu og því var ekki um formannskjör að ræða.

## 12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG ÞRIGGJA MANNA Í VARASTJÓRN TIL EINS ÁRS.

Fjórir aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn og var því kosið. Þeir sem gáfu kost á sér í þessi þrjú sæti voru: Guðbjörg Norðfjörð, Guðjón Þorsteinsson, Hannes S. Jónsson og Jón Halldórsson. Úrslit kosningarinnar urðu þau að Hannes S. Jónsson hlaut 63

atkvæði, Guðbjörg Norðfjörð hlaut 60 atkvæði, Jón Halldórsson 43 og Guðjón Þorsteinsson 26. Auðir seðlar voru 9.

Þingforseti gaf Ólafi Rafnssyni formanni KKÍ orðið. Ólafur sagði að kosið væri í fyrsta sinn eftir nýjum reglum. Í raun hefðu sex aðilar gefið kost á sér í sex sæti í aðal og varastjórn. Hann sagði það spurningu hvort menn væru ekki í raun að gefa kost á sér í varastjórn með því að vera í framböði til aðalstjórnar. Hann sagði það skyldu stjórnarinnar að manna þrjú sæti í varastjórn og skoraði á Guðjón Þorsteinsson að gefa kost á sér í varastjórn. Ólafur tók fram að varamenn sætu jafnan stjórnarfundi og ekki væri gerður greinarmunur á því hvort fólk væri í aðal eða varastjórn nema ef til atkvæðagreiðslu kæmi í stjórninni og allir aðalmenn væru mættir. Að því sögðu tilkynnti Ólafur að eftirtaldir væru í kjöri í þrjú sæti í varastjórn KKÍ: Guðjón Þorsteinsson, Hrannar Hólm og Örvar Kristjánsson og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

#### 13. KOSNING FIMM MANNA Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL TIL ÞRIGGJA ÁRA.

Stungið var uppá þeim Halldóri Halldórssyni, Gísla Gíslasyni, Jóhannesi Karli Sveinssyni, Helga Ingólfí Jónssyni og Boga Hjálmtýssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

#### 14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND OG TVEGGJA TIL VARA

Stungið væri uppá Hrafn G. Johnsen og Ingimar Ingasyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

#### 15. KOSNING ÞRIGGJA AÐILA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG ÞRIGGJA TIL VARA

Stungið væri uppá þeim Bjarna Steinarsyni, Halldóri Halldórssyni og Elínborgu Guðnadóttur og til vara þeim Kristni Jörundssyni, Birgi Hákonarsyni og Ragnari B. Sigurðssyni og voru þau kjörin með lófaklappi.

#### 16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA

Stungið væri uppá þeim Ottó Hafliðasyni og Gísla Friðjónssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

#### 17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍPRÓTTAÞING

Stungið var uppá því að þessum lið væri vísað til stjórnar og var það samþykkt.

## 18. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STADFESTAR


Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til þingforseta og þingritara og var það samþykkt.

## 19. ÞINGSLIT

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir skemmtilegt þing og sagðist hafa fundið sig ágætlega í nýju hlutverki. Síðan gaf hann Ólafi Rafnssyni formanni KKÍ orðið.

Ólafur Rafnsson þakkaði þingfulltrúum fyrir gott og starfsamt þing. Hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Hann þakkaði einnig þeim stjórnarmönnum sem hverfa úr stjórninni fyrir góð störf. Ólafur þakkaði Ísfirðingum fyrir stjórn þingsins og óskaði þess að í framtíðinni yrði haldið í þá hefð að halda þingið a.m.k. reglulega einnig á landsbyggðinni. Hann bað menn um að virða lýðræðið og þær ákvarðanir sem teknað hefðu verið á þinginu. Menn ættu að standa saman út á við eftir þingið og ekki tala niður okkar eigin íþróttagrein í fjöldum. Spurningin væri ekki hvort menn hefðu rétt eða rangt fyrir sér heldur væri spurning hvernig menn töluðu um málið. Ef menn vildu breytingar þá tækju menn þátt í störfum þingsins og ynnu með hreyfingunni á lýðræðislegan hátt.

Hann sagði að bæði Skallagrímur og Fjölnir hefðu boðist til að halda næsta þing og það væri hlutverk næstu stjórnar að taka ákvörðun um þau ágætu boð. Hann bað því næst þingheim að rísa á fætur og klappa fyrir þingforseta fyrir frábæra stjórn þingsins. Að því mæltu sleit Ólafur þingi og óskaði öllum þingfulltrúum góðrar heimferðar.

  
Pétur Hrafn Sigurðsson  
þingforseti

  
Björn Leósson  
þingritari

Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 1

Breytingar á reglugerð fyrir dómaranefnd.

1. Grein

Yfirstjórn allra dómaramála skal vera í höndum þriggja manna nefndar. Nefndin nefnist dómaranefnd. Stjórn KKÍ skipar tvo menn í nefndina, þar á meðal formann, en starfandi dómarar Körfuknattleiksdómarafélag Íslands (KKDÍ) einn.

*Greinargerð:*

*Tllagan gengur útá að færa reglugerðina til núverandi fyrirkomulags og taka af allan vafa um hverjir séu starfandi dómarar.*

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

**Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005**

**Þingskjal nr. 2**

**Breytingar á reglugerð fyrir dómaranefnd.**

Inn komi ný grein, 7. grein:

7. grein

**Dómaranefnd KKÍ er heimilt að sekta dómara mæti hann ekki í leik sem hann hefur verið settur á í niðurröðun dómaranefndar. Dómaranefnd skal í uphafi leiktíðar ákveða upphæð sektar. Sektarupphæðin rennur í sérstakan fræðslusjóð dómaranefndar.**

Greinar 7, 8 og 9 sem fyrir eru verði 8, 9 og 10.

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

Sjá þingskjal nr. 2 a

Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 2 a

**Breytingar á reglugerð fyrir dómaranefnd.**

Inn komi ný grein, 7. grein:

7. grein

Dómaranefnd KKÍ er heimilt að sekta dómara mæti hann ekki í leik sem hann hefur verið settur á í niðurröðun dómaranefndar. Dómaranefnd skal í uphafi leiktíðar ákveða upphæð sektar. Sektarupphæðin rennur til KKÍ sem sér um innheimtu hennar.

Greinar 7, 8 og 9 sem fyrir eru verði 8, 9 og 10.

Fjárhagsnefnd

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 3

### Reglugerð um körfuknattleiksmót.

#### 9. grein

Hvert félag skal tilnefna dómara til KKÍ eigi síðar en 25. september fyrir hvern eftirtalda flokka sem tilkynntir eru í Íslandsmót eða bikarkeppni.

- a) Úrvalsdeild pr. lið fjóra dómara.
- b) Meistaraflokkur karla pr. lið þrjá dómara.
- c) Meistaflokk kvenna pr. lið two dómara.

#### d) Yngri flokka, two dómara alls

Félag sem tekur þátt Íslandsmóti eða bikarkeppni skal þó aldrei eiga færri en two dómara (eða fjóra ef lið tilkynnir einungis þátttöku í Úrvalsdeild) nema ef það tilkynnir einungis þátttöku í yngri flokkum þá þarf það engan.

Dómarar þessir skulu vera orðnir 18 ára og hafa lokið dómaraprófi á vegum KKÍ og vera samþykktir af dómaranefnd KKÍ. Dómarar þessir verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKÍ. **Dómarar vegna yngri flokka skulu vera orðnir 15 ára.**

Fyrir hvern dómara sem félagi vantar til að ná ofangreindu lágmarki eða dómara sem ekki vilja dæma fyrir KKÍ skulu félög greiða kr. 30.000,00 (pr. dómara). Upphæðin skal renna til KKÍ. **Sektum skal ekki beitt vegna dómara yngri flokka. Félag sem ekki tilnefnir dómara fyrir yngri flokka skal mæta afgangi við úthlutun mótaahalds yngri flokka.**

Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

*Greinargerð: Markmiðið er að fjölgja dómurum og stefna á að allir leikir séu dæmdir af dómurum með tilskilin réttindi.*

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

Vísað til millibinganefndar um málefni yngri flokka.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 4

### Breyting á reglugerð fyrir félagaskipti.

#### 2. grein

b) Í öllum flokkum öðrum en mfl. karla og kvenna skulu félagaskipti á keppnistímabili fram til 28. febrúar, vera frjáls. Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur, og beiðni uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður er óskar félagaskipta á keppnistímabili lögglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ, en utan keppnistímabils taka félagaskipti gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. **Félagaskipti fyrir leikmann 18ára og yngri skulu taka gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti.** Þegar beiðni um félagaskipti er send í pósti skal dagsetning póststimpils gilda sem móttökudagur

#### Greinargerð:

*Parna er verið að koma á móts við leikmenn í yngri flokkum sem m.a. hafa þurft að flytja með foreldrum sínum á milli bæjarfélaga á miðju tímabili. Það er ósanngjarnt að börn þurfi að bíða í heilan mánuð til þess að mega spila leik með nýju félögnum.*

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld

Vísað til milliþinganefndar um málefni yngri flokka.

## Ping KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Bingskjal nr. 5

### Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót.

8. grein.

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslokum undirrita dómarar skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

Í efstu deild karla, 1. deild kvenna, 1. deild karla, 16-, 8 og undanúrslitum bikarkeppni KKÍ og í fyrirtækjabikar KKÍ skal heimalið senda allar tölfraðiupplýsingar á tölvutæku formi um mótað til KKÍ. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 3 klst. eftir að leik lýkur.

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 190,00 á hverja skýrslu hvern dag. Sé tölfraðiskýrsla ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 2.000 kr. 5.000 kr. fyrir hvern leik í efstu deild karla og kvenna og 2.000 kr. í 1.deild karla. Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti. Skrifstofa KKÍ skal ítreka við félag að skila skýrslu hafi hún ekki borist 10 dögum eftir að leikur fór fram.

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKÍ getur út eða er gefin út í umboði þess.

Komi í ljós að leikmaður er ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldið ella óbreyttar.

*Greinargerð:*

*Skýrsluskilum er ábótavant og hefur þetta ástand versnað til muna. Margir treysta á þessa tölfraði, meðal annars fjölmíðlar sem eru að fylga bæði á hefðbundin hátt og einnig á netmiðlum. Þetta er ráð sem undirrituðum finnst að sé ekki til að hegna félögum beint heldur reyna að fá lið til þess að sýna þessum mikilvega lið meiri ábyrgð. Átæða þess að ég legg ekki sömu sektargreiðslur á 1 deildina er bara vegna þess að aðeins eitt ár er liðið síðan tölfraðin var skilyrt þar og er eðlilegt að gefa þeirri deild aðeins meiri tíma til að koma þessu á hreint. Sektin er samt fyrir hendi.*

F.h. HSV/KFÍ  
Guðjón M. Þorsteinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Fell

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 6

Breytingar á reglugerð varðandi auglýsingar á búningum og búnaði körfuknattleiksliða.

1. Auglýsingin má aðeins varða vörutegundir eða þjónustu, sem ekki vinna gegn hugsjónum íþróttanna. Hvatningarorð verða ekki samþykkt.
2. Auglýsingar má aðeins setja á keppnis- og/eða æfingapeysur, skó, eð töskur ~~Setja~~ má auglýsingar á keppnisbuxur og sokka **og auglýsingar þessar hlíta sömu reglum og í 1. grein. að fengnu leyfi frá stjórn KKÍ.**

*Greinargerð:*

*Smá tiltekt á gamalli reglugerð. Við vitum að KKÍ setur okkur skilyrði að setja auglýsingar á buxur í efstu deild þar sem um hagsmunamál hreyfingarinnar að ræða og er það gott mál. En jafnframt á að leyfa auglýsingar á buxur og sokka án þess að fá sérstakt leyfi frá KKÍ. Enda eru skyrar reglur um þetta í 1. grein. Félög hafa verið að gera þetta á sómasamlegan hátt í mörg ár án sérstaks leyfis KKÍ.*

F.h. HSV/KFÍ  
Guðjón M. Þorsteinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganeftdar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Pingskjal nr. 7

### Breytingar um reglur um körfuknattleiksmót.

#### 10. grein

Félag sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt, sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr.22.680,00 50.000.00 sem rennur til félags þess sem verður fyrir útlögðum ferðakostnaði og öðrum eðlilegum tekjumissi. KKÍ ákveður og annast innheimtu sektarfjár og sér um að greiða til viðkomandi aðila.

Félag sem ekki mætir til leiks í two leiki í sama móti án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað skv. ofangreindu og vísað úr mótinu.

Ef félag hættir þátttöku eftir upphaf þess eða er vísað úr mótinu skal félagið tapa öllum áunnum stigum og sæta leikbanni til loka keppnistímabils (sjá einnig 27. grein). Jafnframt skal viðkomandi félag hefja þátttöku í neðstu deild eða riðli ef það hyggst taka þátt í mótinu á næsta keppnistímabili.

Allar sektargreiðslur skulu renna til félags þess sem skaðan hlýtur af, KKÍ nema annað sé tekið fram. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku á næsta keppnistímabili.

Sektarupphæðum skal breytt á körfuknattleiksþingi en haldist ella óbreyttar.

#### Greinargerð:

Það er orðið mjög slæmt ástand hjá sumum félögum (félag-Z) sem halda úti flokkum í móti, ferðast langa leið og etja kappi við lið X. En svo lenda þessi sömu lið (lið-Z) í því að fá ekki leik heima og eru viðurlög kannski til þess að stemma stigu við slíku. Þarna er greinilega hallað á annað liðið varðandi undirbúning og ferðakostnað, svo ekki sé minnst á að lið hafa komist upp með að ferðast ekki í leiki vegna lágra sekta. Einnig er klárt mál að félagið sem lendir í að ferðast langt og sækir mótt eins og lög gera ráð fyrir, eiga að fá bætur ef að þau hljóta sannanlega skaða af.

F.h. HSV/KFÍ  
Guðjón M. Þorsteinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 8

### Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót.

14.grein

Mótanefnd KKÍ er heimilt að taka ákvörðun um frestun leiks vegna óveðurs, sjúkdómsfaraldurs eða af öðrum gildum ástæðum. Mótanefnd er heimilt að afla þeirra gagna sem hún telur þurfa til að taka ákvarðanir um frestun leikja.

Sé kappleik frestað eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag, sem fært þykir.

Félag, sem óskar að fá keppni frestað, skal sækja um það með minnst viku fyrirvara.  
**Sækja skal um skriflega á sannarlegan hátt ( tölvupóstur, símbréf, skeytí, bréfsefni)**

Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þáttöku, sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

*Greinargerð:*

*Oft hefur komið upp ágreiningur um að félög hafi sótt um frest á leik í gegn um skrifstofu KKÍ og þá símleiðis. Það er gott að binda þetta form niður og einfalda öllum reglurnar um frestun leikja. Þetta leysir líka óþarfan misskilning og tortryggningi*

F.h. HSV/KFÍ  
Guðjón M. Þorsteinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld  
Sjá þingskjal nr. 8 a

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 8 a

### Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót.

14.grein

Mótanefnd KKÍ er heimilt að taka ákvörðun um frestun leiks vegna óveðurs, sjúkdómsfaraldurs eða af öðrum gildum ástæðum. Mótanefnd er heimilt að afla þeirra gagna sem hún telur þurfa til að taka ákvarðanir um frestun leikja.

Sé kapplerik frestað eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag, sem fært þykir.

Félag, sem óskar að fá keppni frestað, skal sækja um það með minnst viku fyrirvara. **Sækja skal um skriflega á sannanlegan hátt t.d. tölvupóstur eða símbréf.**

Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku, sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

*Greinargerð:*

*Oft hefur komið upp ágreiningur um að félög hafi sótt um frest á leik í gegn um skrifstofu KKÍ og þá símleiðis. Það er gott að binda þetta form niður og einfalda öllum reglurnar um frestun leikja. Þetta leysir líka óþarfan misskilnig og tortryggji.*

Laganefnd

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 9

### Breytingar á reglugerð um erlenda leikmenn.

Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar Evrópulands.

1. Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang Evrópulands og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum FIBA, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með evrópskt ríkisfang milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmenns með evrópskt ríkisfang úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.

2. Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA. Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma. Sjá þó reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ.

Á tímabilinu 6. janúar - 30. apríl er erlendum leikmanni óheimilt að leika fyrir félagsliðs nema ef sami eða annar erlendir leikmaður hafi þegar leikið fyrir liðið fyrra á sömu leiktíð.

3. Félög sem óska eftir heimild fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi skal leggja fram leikheimild (letter of clearance) frá heimalandi leikmanns eða frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist. Stjórn KKÍ er heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann þó ekki hafi borist staðfesting frá FIBA. Keppnisleyfi þetta skal vera til bráðabirgða fyrir viðkomandi leikmann. Veiti FIBA af einhverjum ástæðum ekki keppnisleyfi fellur það úr gildi strax og KKÍ tilkynnir viðkomandi félagi um það. Eftir að staðfesting berst frá FIBA skal keppnisleyfið gilda út viðkomandi keppnistímabil. Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf. Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni með ríkisfang utan Evrópu keppnisleyfi nema félag það sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við KKÍ. Miðað skal við mánuðinn áður en ósk um leikheimild kemur fram..

4. Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn.

5. Hafi erlendir leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. október til 15. apríl í móturnum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast með. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlandis, **en þó þarf leikmaðurinn að vera með öllu skuldlaust við sitt fyrrum félag og þarf stjórn þess að samþykka felagaskiptin.** ~~sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá.~~ Erlendir

leikmaður sem óskar félagsskipta verður löggjur með hinu nýja félagi **um leið og leikheimild berst frá félagaskiptanefnd og skrifstofu KKÍ. einum mánuði eftir móttöku KKÍ á beiðni um félagaskipti.** Öll félagaskipti erlendra leikmanna eftir 15. desember til loka keppnistímabils eru háð samþykki félagaskiptanefndar.

6. Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggt ganga úr. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl. Hafi félag sagt samningi við erlenda leikmann lausum þarf ekki samþykki þess við félagaskipti.

7. Stjórn KKÍ getur afturkallað keppnisleyfi einstakra leikmanna ef:

- a) Sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng.
- b) Leikmenn gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýna ítrekað óprúðmannalega framkomu við dómara eða starfsmenn leiks.

8. Sömu reglur gilda fyrir erlenda leikmenn og íslenska leikmenn, nema annað sé tekið fram.

9. Stjórн KKÍ er heimilt að veita undanþágur frá reglugerð þessari þegar félagslið tekur þátt í Evrópukeppni.

#### *Greinargerð:*

*Undirritaður vill liðka aðeins um reglur um félagaskipta erlendra leikmanna á milli félaga. Það hafa komið upp dæmi þar sem að leikmenn í efstu deild þykir ekki henta leikstíl eins liðs, en þó hefur hamn getað spilað fyrir annað lið í sömu deild og samþykki hefur ekki verið vandamál á milli þessara liða.*

*Parna er undirritaður aðeins að hugsa um tvennt. Sparnað og samvinnu.*

*Sparnaðurinn liggar í að liðin tvö sem eiga munu samskipti um félagaskiptin munu væntanlega deila með sér kostnaði við ferðir og leikheimildir og liggar mikill sparnaður þar. Ennfremur erum við parna að setja gott fordæmi, félög geta á heilbrigðan hátt spornað við taumlausum kostnaði sem liggar í að borga ferðir, leyfi og umboðslaun.*

F.h. HSV/KFÍ  
Guðjón M. Þorsteinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 9 a

### Niðurstaða nefndarinnar

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

5. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. október til 15. apríl í mónum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast með. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlandis, ~~en þó þarf leikmaðurinn að vera með öllu skuldlaust við sitt fyrrum félag og þarf stjórn þess að samþykki félagaskiptin.~~ sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendur leikmaður sem óskar félagsskipta verður löglegur með hinu nýja félagi **um leið og leikheimild berst frá félagaskiptanefnd og skrifstofu KKÍ.** einum mánuði eftir móttökum KKÍ á beiðni um félagaskipti. Öll félagaskipti erlendra leikmanna eftir 15. desember til loka keppnistímabils eru háð samþykki félagaskiptanefndar.

Lögð er áhersla á grein 6 þar sem kemur fram að "Hafi félag sagt samningi við erlendan leikmann lausum þarf ekki samþykki þess við félagaskipti.

Allsherjarnefnd

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 10

### Tillaga til þingsályktunar.

Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl til 1. maí samþykkir að félög sem halda fjölliðamót sjái einnig um að félög fái gistingu sem næst keppnisstað.

*Greinagerð:*

*Það hefur komið alltof oft fyrir að keppendur Snæfells og væntanlega annarra félaga líka að þurfa að gista hjá ættingum á höfuðborgarsvæðinu. Slikt skapar alltof mikið vesen því að yfirleitt er farið með rútu, einnig er slæmt að sundra hópnum*

F.h. HSH/Snaefells  
Hjörleifur K. Hjörleifsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

Tillagan var dregin til baka.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 11

### Breytingar á reglugerð vegna þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokka karla í bikarkeppni KKÍ.

#### 3. grein Leikmannasamningar / launapak

Lagt er til að öll greinin í núverandi mynd verði felld niður.

Í staðinn kæmi eftirfarandi:

**Félagi er ekki heimilt að greiða hærri laun til leikmanna utan Evrópu enn sem nemur 300.000, kr. pr.mán sem miðast við gengi í upphafi keppnistímabilsins, það er 1. okt**

#### *Greinagerð:*

*Öll aðildarfélög innan KKÍ vinna að uppbryggingarstarfi í þessari íþróttagrein eins og gert er í öðrum íþrótttaggreinum.*

*Til þessara starfa er helst leitast við að fá menn sem leika körfuknattleik og hafa þannig þekkingu og reynslu af íþróttinni um leið og þeir leika svo með viðkomandi félagi. Þetta fyrirkomulag þekkjum við öll. Launapakið eins og það hefur verið aðr ar því að þetta sé hægt með góðu móti og útilokar að viðkomandi deild geti greitt leikmanni aukahóknun fyrir að leika með félagini. Með öðrum orðum þetta fyrirkomulag hamrar útbreyðslu íþróttarinnar á landsbyggðinni.*

*Þá er það einnig óásættanlegt að einhver nefnd manna geti áætlað einhver hlunnindi á félag, einhverja upphæð sem það ekki era ó greiða og sé þamig sett yfir launapak og sektað fyrir. Þarna er eingöngu verið að sekta félög fyrir að ná góðum samningum og hagræðingu í rekstri.*

*Þá er nú að heyra að nánast allir séu að fara á bakvið þessa greinagerð með ýmsu móti og fá fyrir vikið hrós fyrir en þeir sem lenda i því að gefa allt rétt upp eru úthrópaðir sem brotamenn*

F.h. HSH/Snæfells  
Hjörleifur K. Hjörleifsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld  
Ekki tekin til afgreiðslu.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 12

### Reglugerð um þáttöku félaga í úrvalsdeild karla og þáttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ.

Undirritaður leggur til að reglugerðin í heild verði felld úr gildi.

Jafnframt verði eftirfarandi breytinga gerð á:

#### Reglugerð um erlenda leikmenn.

Eftirfarandi setning verði felld út:

Sjá þó reglugerð um þáttöku félaga í úrvalsdeild karla og þáttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ.

*Greinargerð:*

*Á undanförnum 2 árum hefur farið fram mikil umræða um þáttöku bandaríkjjamanna í úrvalsdeild karla og um framkvæmd reglna um umgjörð og fjárhagslegar forsendur tyrir þáttöku í keppni í úrvalsdeild. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að horfið verði aftur til þess umhverfis sem var fyrir setningu reglugerðarinnar og að aðeins verði heimilaður 1 bandarískur leikmaður í hverju liði, þá verði hverju félagi frjálst að haga rekstri sínum í samræmi við þær fjárhagslegu forsendur sem félagið býr við og sannanleg ábyrgð á þeim rekstri þannig færð þangað sem hún á heima en sé ekki undir aðhaldi og eða eftirliti hjá KKÍ.*

F.h. ÍRB/UMFN  
Valþór S. Jónsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum  
Ekki tekin til afgreiðslu.       Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 13

### Reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ.

ER:

#### 1. kafli.

##### Hlutgengi leikmanna

- 1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram að hámarki tveimur leikmönnum með ríkisborgararétt utan Evrópu.
- 1.2. Félögum er ekki heimilt að bæta við erlendum leikmönnum eftir 5. janúar ár hvert. Félögum er heimilt að skipta um erlenda leikmenn hvenær sem er á tímabilinu.
- 1.3. Til þess að öðlast keppnisleyfi fyrir erlenden leikmann skal félög skila inn öllum þeim gögnum sem KKÍ krefst, þ.m.t.
  - 1.3.1. Leikmannasamningi við leikmanninn skv. grein 3.1.
  - 1.3.2. Leikheimild (Letter of Clearance) frá því ríki sem leikmaður lék í síðast.
  - 1.3.3. Staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi.

Verður:

#### 1. kafli.

##### Hlutgengi leikmanna

- 1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram að hámarki tveimur leikmönnum með ríkisborgararétt utan EES-landa.
- 1.2. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram að hámarki einum A-Bosmann leikmanni.
- 1.3. Félögum er ekki heimilt að bæta við erlendum leikmönnum eftir 5. janúar ár hvert. Þó skal vera skiptigluggi í Úrvaldseild karla milli 14. og 16. umferðar.
- 1.4. Til þess að öðlast keppnisleyfi fyrir erlenden leikmann skulu félög skila inn öllum þeim gögnum sem KKÍ krefst, þ.m.t.
  - 1.3.1. Leikmannasamningi við leikmanninn skv. grein 3.1.
  - 1.3.2. Leikheimild (Letter of Clearance) frá því ríki sem leikmaður lék í síðast.
  - 1.3.3. Staðfestingu á að leikmaður sé tryggður hér á landi.
  - 1.3.4. Leikheimild skal falla úr gildi hafi staðfestingu á atvinnu- og dvalarleyfi ekki verið skilað inn til skrifstofu KKÍ 2 mánuðum eftir að gefið var út keppnisleyfi fyrir erlenden leikmann.

*Greinargerð:*

Breytingar á erlendum leikmönnum í deildinni er komin út í algera vitleysu. Þetta er sá þáttur sem valdið hefur mjög slæmu umtali um íþróttina. Þetta er algerlega ónauðsynlegt að búa við.

Rétt er að skipta Evrópskum leikmönnum upp í A-Bosmann leikmenn og aðra leikmenn frá Evrópu. Lengi hefur verið talað um það að ekki sé hægt að setja takmörk á fjölda A-Bosmann leikmanna þ.e. leikmanna sem koma frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því sambandi er rétt að benda á að við eignum að geta gert það sama og Frakkar gera en þeir eru með reglu þess efnis að einungis sé leyfður einn A-Bosmann leikmaður. Þessi regla gildir að vísu ekki í efstu Pro-A og Pro-B heldur í NM deildunum. Ekki er gefið mikið fyrir þau rök að með þessu sé verið að brjóta lög þar sem hreyfingin hefur kynroðalaust horft fram hjá reglum um atvinnu- og dvalarleyfi útlendinga og er hreyfingunni til mikils vansa.

Með því að loka félagskiptum 5. janúar fyrir alla leikmenn er verið að lágmarka þá vitleysu sem verið hefur í gangi. Þó er síu undantekning að opnaður er leikmannaskiptigluggi milli 14. og 16. umferðar. Það væri í valdi KKÍ að gefa út dagsetningar á hverju ári samhliða kynningu á leikjaplani við hvaða dagsetningar er miðað varðandi upphaf og lok umferðanna sem um er að ræða.

Kominn er tími til að taka á atvinnu- og dvalarleyfismálum erlendra leikmanna. Lagt er til að þetta sé gert á þann hátt að félag þarf að fara í gegnum það umsóknarferli sem fara þarf í gegnum áður en erlendur leikmaður kemur til landsins. Þegar hann er kominn þá fær hann keppnisleyfi frá KKÍ. Peirri vinnu félaganna sem eftir er þ.e. læknisskoðun og útgáfa leyfis er gefnir 2 mánuðir. Skili félag ekki inn staðfestingu (ljósriti atvinnu- og dvalarleyfisskýrteinis) innan tveggja mánaða þá fellur leikheimildin úr gildi.

F.h. HSK/Pórs Þ.  
Kristinn G. Kristinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum  
Dregin til baka.

Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 14

### Reglugerð fyrir erlenda leikmenn

Er:

- Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar Evrópulands.

Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang **Evrópulands** og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum **FIBA**, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með **evrópskt** ríkisfang milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmenns með **evrópskt** ríkisfang úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.

**Verður:**

- Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar EES-lands.

Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang EES-lands og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum FIBA, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með ríkisfang EES-lands milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmanns með ríkisfang EES-lands úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.

*Greinargerð:*

*Það er engin ástæða til þess að vera með víðari skilgreiningu á A-Bosmann leikmanni en nauðsyn ber til.*

Er:

- Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA. Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma. Sjá þó reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ.

Á tímabilinu 6. janúar - 30. apríl er erlendum leikmanni óheimilt að leika fyrir félagsliðs nema ef sami eða annar erlendur leikmaður hafi þegar leikið fyrir liðið fyrr á sömu leiktíð.

**Verður:**

- Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA. Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma. Sjá þó reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild karla og þátttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ.

Frá og með 6. janúar – 30. apríl er nýjum erlendum leikmanni óheimilt að leika fyrir félagslið. Þó skal vera skiptigluggi í Úrvaldseild karla milli 14. og 16. umferðar. Í 1.deild kvenna milli 13. og 15. umferðar og í 1. deild karla milli 11. og 13. umferðar. Til að taka inn nýjan leikmanni í þessum skiptiglugga verður sami eða annar erlendur leikmaður að hafa leikið fyrir liðið fyrr á sömu leiktíð.

### *Greinargerð:*

*Það fyrirkomulag sem við höfum búið við í körfunni, að lið séu að skipta um kana meira og minna allt tímabilið hefur komið illu orði á íþróttina. Það er engin ástæða fyrir því að karfan ein íþróttu skuli vera með svona skiptimöguleika. Ef íslenskur leikmaður/leikmenn meiðast þá verða lið að lifa við það. Það sama verður bara að gilda um aðra leikmenn.*

Er:

3. Félög sem óska eftir heimild fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi skal leggja fram leikheimild (letter of clearance) frá heimalandi leikmanns eða frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist. Stjórn KKÍ er heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann þó ekki hafi borist staðfesting frá FIBA. Keppnisleyfi þetta skal vera til bráðabirgða fyrir viðkomandi leikmann. Veiti FIBA af einhverjum ástæðum ekki keppnisleyfi fellur það úr gildi strax og KKÍ tilkynnir viðkomandi félagi um það. Eftir að staðfesting berst frá FIBA skal keppnisleyfið gilda út viðkomandi keppnistímabil. Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf. Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni **með ríkisfang utan Evrópu** keppnisleyfi nema félag það sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við KKÍ. Miðað skal við mánuðinn áður en ósk um leikheimild kemur fram.

### **Verður:**

3. Félög sem óska eftir heimild fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi skal leggja fram leikheimild (letter of clearance) frá heimalandi leikmanns eða frá því landi sem hann lék í síðast, greiðslu til FIBA og KKÍ, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist. Stjórn KKÍ er heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir erlendan leikmann þó ekki hafi borist staðfesting frá FIBA. Keppnisleyfi þetta skal vera til bráðabirgða fyrir viðkomandi leikmann. Veiti FIBA af einhverjum ástæðum ekki keppnisleyfi fellur það úr gildi strax og KKÍ tilkynnir viðkomandi félagi um það. Eftir að staðfesting berst frá FIBA skal keppnisleyfið gilda út viðkomandi keppnistímabil. Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf. Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni keppnisleyfi nema félag það sem sækir um leyfið fyrir hönd leikmannsins sé skuldlaust við KKÍ.

Miðað skal við mánuðinn áður en ósk um leikheimild kemur fram.

### *Greinargerð:*

*Févana sambandi eins og KKÍ veitir ekkert af því að geta innheimt gjöld frá öllum liðum sambandsins. Engin rök eru fyrir því að lið þurfi að vera skuldlaus við KKÍ bara þegar leikmenn ganga til liðsins frá einhverjum ákveðnum löndum.*

F.h. HSK/Þórs P. Kristinn G. Kristinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

## Ping KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Pingskjal nr. 14 a

### Reglugerð fyrir erlenda leikmenn

**Er:**

1. Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar Evrópulands.

Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang **Evrópulands** og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum **FIBA**, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með **evrópskt** ríkisfang milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmenns með **evrópskt** ríkisfang úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.

**Verður:**

1. Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn, sem ekki eru ríkisborgarar EES-lands.

Þeir leikmenn sem hafa ríkisfang EES-lands og hafa heimild til að spila hér á landi samkvæmt reglum FIBA, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti leikmanns með ríkisfang EES-lands milli íslenskra félaga lúta reglugerð KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti leikmanns með ríkisfang EES-lands úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA, sbr. reglugerð KKÍ um félagaskipti.

*Greinargerð:*

*Það er engin ástæða til þess að vera með viðari skilgreiningu á A-Bosmann leikmanni en nauðsyn ber til.*

Allsherjarnefnd

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 15

### Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót.

Viðbót við 31. og 32. grein.

Þegar 12 lið eða fleiri skrá sig til þátttöku og leikið er í tveimur riðlum skal mótanefnd styrkleikaraða í riðlana.

Greinargerð:

*Lið í þessum flokkum geta verið mjög ólík að getu. Það er lítt uppbyggilegt fyrir lið að spila leik og tapa honum með 50-100 stigum. Liklegt er að fleiri "minni" lið tækju þátt ef þau næðu að mynd hóp sem þau sæju fram á að spiluðu við lið af jafnari getu. Það þyrfti jafnvæl ekki að breyta neinu í reglugerðinni. Nog væri að beina þeim tilmælum til mótanefndar að fylgja þessari reglu ef fleiri en 12 lið skrá sig til keppni.*

F.h. HSK/Þórs Þ.  
Kristinn G. Kristinsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld  
Vísað til milliþinganefndar um málefni yngri flokka.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 16

### Reglugerð um þáttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ

Breytingartillögur á reglugerð um þáttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ

#### 1. kafli. Hlutgengi leikmanna

**Grein 1.1. hljóði svo:**

**1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram að hámarki einum leikmanni með ríkisborgararétt utan Evrópu.**

**Grein 1.2. hljóði svo:**

**1.2. Félögum er ekki heimilt að bæta við erlendum leikmönnum eftir 5. janúar ár hvert. Félögum er eingöngu heimilt að skipta um erlenda leikmann eftir 5. febrúar að sannað þykir að viðkomandi leikmaður hafi orðið fyrir meiðslum að hann geti ekki leikið körfuknattleik um sinn. Læknir, tilnefndur af KKÍ, skal staðfesta að um raunveruleg meiðsli sé að ræða.**

**Nýr liður 1.3.4 hljóði svo:**

**1.3.4. Staðfestingu á að leikmaður hafi dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi.**

#### 3. kafli. Leikmannasamningar / launapak

**Grein 3.2.1 hljóði svo:**

**3.2.1. Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 400.000 á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Hlunnindi (íbúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launapaks.**

**Nýr liður 3.2.4 hljóði svo:**

**3.2.4. Samningur við erlenden leikmann getur aldrei talist lægri en 70.000 kr. í útreikningum til launapaks.**

F.h. ÍBR/KR  
Birgir Hákonarson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganeftdar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  
Ekki tekin til afgreiðslu.

Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 17

Breytingartillögur á reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ.

### 1. kafli. Hlutgengi leikmanna

Grein 1.2. hljóði svo:

1.2. Félögum er ekki heimilt að bæta við erlendum leikmönnum eftir 5. janúar ár hvert. Félögum er eingöngu heimilt að skipta um erlenda leikmenn eftir 5. febrúar að sannað þykir að viðkomandi leikmenn hafi orðið fyrir meiðslum að þeir geti ekki leikið körfuknattleik um sinn. Læknir, tilnefndur af KKÍ, skal staðfesta að um raunveruleg meiðsli sé að ræða.

Nýr liður 1.3.4 hljóði svo:

1.3.4. Staðfestingu á að leikmaður hafi dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi.

### 3. kafli. Leikmannasamningar / launaþak

Nýr liður 3.2.4 hljóði svo:

3.2.4. Samningur við erlendan leikmann getur aldrei talist lægri en 70.000 kr. í útreikningum til launaþaks.

F.h. ÍBR/KR  
Birgir Hákonarson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganeftnar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld  
Ekki tekin til afgreiðslu.

**Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005**

**Þingskjal nr. 18**

**Reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt. mfl. í bikark. KKÍ**

Lagt er til að reglugerð um þátttöku félaga í úrvalsdeild ka. og þáttt.mfl. í bikark. KKÍ verði felld úr gildi í heild sinni.

F.h. ÍBR/KR  
Birgir Hákonarson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld  
Ekki tekin til afgreiðslu.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 19

Breytingar á reglugerð um þáttöku félaga í úrvalsdeild karla og þáttöku meistaraflokka í bikarkeppnum KKÍ.

### 1. kafli.

#### Hlutgengi leikmanna

##### 1.1.

Hverju félagi skal heimilt að tevla fram að hámarki tveimur leikmönnum einungis heimilt að tevla fram einum leikmanni með ríkisborgarárétta utan Evrópu.

### 3. kafli.

#### Leikmannasamningar / launapak

##### 3.2.1.

Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 500.000 á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Að hámarki er félagi heimilt að greiða leikmönnum leikmanni utan Evrópu 300.000 kr. 200.000 kr. í laun. Hlunnindi (ibúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launapaks.

F.h. ÍBA/Þórs Ak.  
Þorgils Sævarsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld  
Ekki tekin til afgreiðslu.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 20

Breyting á reglugerð varðandi auglýsingar á búningum og búnaði körfuknattleiksliða.

Nafn reglugerðarinnar breytist í:

**Reglugerð um búninga, auglýsingar og búnað körfuknattleiksliða.**

### 1. grein hljóði svo:

Búningar körfuknattleiksliða skulu vera samkvæmt reglum FIBA. Búningar skulu númeraðir frá 4-15. Þó mega búningar yngri flokka liða vera númeraðir frá 0-99.

Núverandi greinar breytist þannig að 1. grein verði 2. grein og 2. grein verði 3. grein.

*Greinargerð:*

Eftir að lið fóru að hafa þann sið að iðkendur ættu búningana sína hefur það sett svip á leikfimistíma í skólum og þar af leiðandi breytt út körfuknattleik á Íslandi.  
Einnig er þetta fin leið til að minnka álag á stjórnarmenn og umsjónarmenn flokka að þurfa ekki að halda utan um búningasettin sem einnig getur fylgt kostnaður ef búningur tapast úr settinu.

F.h. UMSK/Breiðabliks  
Bjarni G. Þórmundsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 20 a

Breyting á reglugerð varðandi auglýsingar á búningum og búnaði körfuknattleiksliða.

Nafn reglugerðarinnar breytist í:

**Reglugerð um búninga, auglýsingar og búnað körfuknattleiksliða.**

### 2. grein hljóði svo:

Búningar körfuknattleiksliða skulu vera samkvæmt reglum FIBA. Búningar skulu númeraðir frá 4-15. Þó mega búningar liða í minnibolta, 7. flokki og 8. flokki karla og kvenna vera númeraðir frá 0-99.

Núverandi greinar breytist þannig að 1. grein verði 2. grein og 2. grein verði 3. grein.

*Greinargerð:*

*Eftir að lið fóru að hafa þann sið að iðkendur ættu búningana sína hefur það sett svip á leikfimistíma í skólum og þar af leiðandi breytt út körfuknattleik á Íslandi.*

*Einnig er þetta fin leið til að minnka álag á stjórnarmenn og umsjónarmenn flokka að þurfa ekki að halda utan um búningasettin sem einnig getur fylgt kostnaður ef búningur tapast úr settinu.*

Björn Leósson f.h. UMSK

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 21

### Breyting á 38. grein og 45. grein reglugerðar fyrir körfuknattleiksmót

#### Minnibolti karla og kvenna 11 ára.

Grein 3. er:

Í 4. lotu má hvort lið taka 1 leikhlé. Þá er klukka stöðvuð og báðum liðum er heimilt að skipta leikmönnum inn á.

Grein 3 verði:

Í 4. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleikreglum, skal klukka stöðvuð meðan skipting fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritrararborðið til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 4. lotu.

Við bætist 6. grein:

**Skotklukka skal vera 40 sekúndur.**

*Greinargerð:*

*Iðkendur á þessum aldri hafa ekki getu til að setja upp og ná skoti á 24 sekúndum og því ætti að lengja skotklukkuna í yngstu aldursflokkunum.*

F.h. UMSK/Breiðabliks  
Bjarni G. Þórmundsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld  
Sjá þingskjal nr. 21 a.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 21 a

Breyting á 38. grein og 45. grein reglugerðar fyrir körfuknattleiksmót

Minnibolti karla og kvenna 11 ára.

Grein 3. er:

Í 4. lotu má hvort lið taka 1 leikhlé. Þá er klukka stöðvuð og báðum liðum er heimilt að skipta leikmönnum inn á.

Grein 3 verði:

Í 4. lotu eru heimilaðar skiptingar samkvæmt körfuknattleikreglum, skal klukka stöðvuð meðan skipting fer fram. Aðeins skal leyfa skiptingu að leikmaðurinn sitji í varamannastól við ritrarborðið til að tefja ekki framgang leiksins. Hvort lið hefur 1 leikhlé í 4. lotu.

Greinargerð:

Iðkendur á þessum aldri hafa ekki getu til að setja upp og ná skoti á 24 sekúndum og því ætti að lengja skotklukkuna í yngstu aldursflokkunum.

F.h. UMSK/Breiðabliks  
Bjarni G. Þórmundsson

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 22

### Breyting á reglugerð fyrir mótanefnd.

3. grein. Verkefni mótanefndar er:

d) að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.

#### Eftirfarandi bætist inn:

1. leikvöllur skal vera löglegur að breidd
2. leikvöllurinn skal vera með löglega merktan teig og ef leikið er í 7. fl. eða eldri skal leikvöllur vera með löglega 3ja stiga línu, ekki merkta með límbandi.
3. leikklukka skal sýna stig og tíma.
4. skotklukka skal vera staðsett við hvorn enda vallarins annað hvort laus á gólfínu eða fyrir ofan körfur. Allir nýjir vellir skulu vera með skotklukkur fyrir ofan körfuspjöld.
5. Ef móti eru haldin og skilyrðum ekki náð skal heimalið sektað um 5.000 kr. fyrir hvern leik.

*Greinargerð: Oft eru lið að leggja mikin metnað í mótin en lenda svo í því að fara á staði þar sem aðstaðan er fyrir neðan allar hellur og að hegna liðum sem standa sig illa í því að þau fá ekki að halda móti finnst sumum liðum bara fint.*

*Einnig ef það er komið í reglur t.d. eins og með skotklukku fyrir ofan körfu þá geta þau lið sem vantar þann búnað farið að herja á aðalstjórn eða sveitarfélag um úrbætur.*

F.h. UMSK/Breiðabliks  
Bjarni G. Þórmundsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

Vísað til milliþinganefndar um málefni yngri flokka.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 23

### Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót.

Greinin verði sem hér segir:

39. grein      Minnibolti 10 ára

Stjórn KKÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki minnibolta 10 ára og yngri. Skal stjórn KKÍ skipa nefnd til að annast keppnishald fyrir þann flokk, og skal stefnt að því að halda a.m.k. tvö mótt á vegum KKÍ á keppnistímabilinu. Ekki skal veita verðlaun fyrir sigur í mótunum, en í samráði við minniboltanefnd skal veita viðurkenningarskjal fyrir þátttöku.

Við bætist: **Í mótum þessum skulu vera fjórir leikmenn inná í einu í hverju liði í stað fimm venjulega.**

F.h. UMSK/Breiðabliks  
Bjarni G. Þórmundsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

Vísað til milliþinganefndar um málefni yngri flokka.

**Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005**

**Þingskjal nr. 24**

**Breyting á reglugerð fyrir körfuknattleiksmót.**

Breyting á 38. grein 43. grein og 44. grein:

Við bætist:

**Skotklukka skal vera 30 sekúndur.**

*Greinargerð:*

*Iökendur á þessum aldri hafa ekki getu til að setja upp og ná skoti á 24 sekúndum og því ætti að lengja skotklukkuna í yngstu aldursflokkunum, þ.e.a.s. 8. fl. kv. og 7. fl. ka. og kv.*

F.h. UMSK/Breiðabliks  
Bjarni G. Þórmundsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld  
Vísað til milliþinganefndar um málefni yngri flokka.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 25

### Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót.

28. grein

Við bætist:

Það lið sem hefur hlutið flest stig af þeim liðum sem eru í fjórðu umferð Íslandsmóts í yngri flokkum skal halda lokaumferðina (4. umferð). Ef lið verða jöfn skal það lið raðast ofar sem hefur unnið meira í A-riðli heldur en lið sem hefur verið að ná í sín stig úr neðri riðlum.

Greinargerð:

Oft skapast ýmsar umræðum um það hver á að fá að halda fjórðu umferð. Á hún að vera á hlutlausum velli eða heimavelli einhvers liðs og það þá komið í lykilaðstöðu til að vinna. Hér er bara verið að færa oddaleikja hugmyndina úr úrslitakeppnum meistaraflokka niður í yngri flokka og verðlauna það lið sem hefur staðið sig best yfir veturinn.

F.h. UMSK/Breiðabliks  
Bjarni G. Þórmundsson

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

Vísað til millipinganeftndar um málefni yngri flokka.

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Pingskjal nr. 26

### Breyting á reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

2. grein:

Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika....

Á tímabilinu 6. janúar – 30. apríl er erlendum leikmanni óheimilt að leika fyrir félagslið nema ef sami eða annar erlendur leikmaður hafi þegar leikið **fimm leiki** fyrir liðið fyrr á sömu leiktíð. **Erlendum leikmanni sem fær leikheimild fyrir 6. janúar er heimilt að leika til loka keppnistímabilsins.**

F.h. ÍBH/Hauka  
Guðbjörg Norðfjörð

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt       Samþykkt með breytingum       Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 27

### Breyting á reglugerðum körfuknattleiksmót.

#### 15. grein

1. KKÍ er heimilt að innheimta þáttökugjöld af flokkum sem taka þátt í móturnum, sem haldin eru á vegum þess. **KKÍ er jafnframt heimilt að skuldfæra félög í úrvalsdeild, 1. deild kvenna og 1. deild karla vegna aðgöngumiða á lokahóf KKÍ.**  
Stjórn KKÍ skal leggja fram til samþykktar á ársþingi KKÍ tillögu að gjaldskrá vegna þáttökugjalda í þeim móturnum, þar sem þeirra er krafist á komandi keppnistímabili.  
**Stjórnin skal einnig leggja fram til samþykktar áætlun um miðakaup félaga á lokahóf KKÍ.**

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

**Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005**

**Þingskjal nr. 28**

**Breyting á reglugerð fyrir erlenda leikmenn.**

Ný grein, 7. grein bætist við:

**7. Erlendur leikmaður sem fær íslenskan ríkisborgararétt meðan á keppnistímabili stendur, skal teljast erlendur leikmaður út keppnistímabilið.**

Þær greinar sem fyrir eru færast aftur þannig að 7. grein verður 8 . grein o.s.f.v.

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 29

### Breyting á lögum fyrir dómstóla KKÍ

#### 7. grein – Málsmeðaferð.

Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur kveðinn upp innan viku frá því málflutningi lauk.

"Í úrslitakeppni allra flokka skal dómstóll KKÍ hraða málum eins og kostur er með hag úrslitakeppninnar fyrir brjósti. Formaður dómstóls KKÍ ákveður tímamörk er gefin skulu aðilum við gagnaöflun og til skýrslugjafar í þeim málum. Úrskurður dómstóls KKÍ í úrslitakeppni er endanlegur, þ.e. engin áfrýjunarréttur er til staðar."

Birta skal aðilum dóm eða úrskurð með ábyrgðarbréfi, ...

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

Breyting á reglugerð um félagaskipti.

4. grein

Framkvæmd félagaskipta:

- a) Beiðni um félagaskipti skal gerð á félagaskiptaeyðublaði útgefnu af KKÍ. Í beiðni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og keppnisflokkur/-flokkar viðkomandi leikmanns, og félög þau er aðild eiga að félagaskiptunum. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmætum fulltrúa þess félags, sem gengið er úr.
- b) Fyrir félagaskipti skal leikmaður greiða KKÍ ákveðið gjald, sem ákveðið er á ársþingi KKÍ-ár hvert, að fenginni tillögu frá stjórn KKÍ. **Stjórn KKÍ er ekki heimilt að veita leikmanni sem er 20 ára eða eldri félagaskipti nema félagið sem leikmaðurinn hyggst ganga í sé skuldlaust við KKÍ.**
- c) Beiðni um félagaskipti sendist til skrifstofu KKÍ, og skal árita þar móttökudag beiðninnar. Ef beiðni um félagaskipti uppfyllir efnis- og formreglur reglugerðar þessarar, og þarfnað ekki meðferðar félagaskiptanefndar, skal beiðni um félagaskipti staðfest innan viku frá móttöku beiðninnar.
- d) Ef beiðni um félagaskipti er synjað á grundvelli reglna þessara skal hún endursend viðkomandi aðila innan viku frá móttöku ásamt stuttum rökstuðningi fyrir synjun. Ef einungis er um formgalla á beiðni að ræða skal gefa viðkomandi vikufrest til að bæta úr þeim göllum, og skal þá upphaflegur móttökudagur gilda. Ef úrskurðar félagaskiptanefndar er þörf til að beiðni sé tekin til greina skal tilkynna aðilum um það, en félagaskipti miðast þá við móttökudag nýrrar beiðni.

*Greinargerð:*

*Til að félögin borgi skuldir sínar fyrr eða vonandi einhvern tímann!*

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld

Breyting á reglugerð um félagaskipti.

4. grein

Framkvæmd félagaskipta:

- a) Beiðni um félagaskipti skal gerð á félagaskiptaeyðublaði útgefnu af KKÍ. Í beiðni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og keppnisflokkur/-flokkar viðkomandi leikmanns, og félög þau er aðild eiga að félagaskiptunum. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmætum fulltrúa þess félags, sem gengið er úr.
- b) Fyrir félagaskipti skal leikmaður greiða KKÍ ákveðið gjald, sem ákveðið er á ársþingi KKÍ-ár hvert, að fenginni tillögu frá stjórn KKÍ. **Stjórn KKÍ er heimilt að neita leikmanni sem er 20 ára eða eldri félagaskipti ef félagið sem leikmaðurinn hyggst ganga í er skuldlaust við KKÍ.**
- c) Beiðni um félagaskipti sendist til skrifstofu KKÍ, og skal árita þar móttökudag beiðninnar. Ef beiðni um félagaskipti uppfyllir efnis- og formreglur reglugerðar þessarar, og þarfnað ekki meðferðar félagaskiptanefndar, skal beiðni um félagaskipti staðfest innan viku frá móttöku beiðninnar.
- d) Ef beiðni um félagaskipti er synjað á grundvelli reglna þessara skal hún endursend viðkomandi aðila innan viku frá móttöku ásamt stuttum rökstuðningi fyrir synjun. Ef einungis er um formgalla á beiðni að ræða skal gefa viðkomandi vikufrest til að bæta úr þeim göllum, og skal þá upphaflegur móttökudagur gilda. Ef úrskurðar félagaskiptanefndar er þörf til að beiðni sé tekin til greina skal tilkynna aðilum um það, en félagaskipti miðast þá við móttökudag nýrrar beiðni.

*Greinargerð:*

*Til að félögin borgi skuldir sínar fyrr eða vonandi einhvern tímann!*

Fjárhagsnefnd

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Þingskjal nr. 31

## Fjárhagsáætlun 2005

Rekstrartekjur	Áætlun 2005	Rauntölur 2004	Áætlun 2004
Framlög og styrkir .....	18.550.000	12.688.212	15.000.000
Tekjur af leikjum .....	7.690.000	6.639.775	6.700.000
Auglýsingatekjur .....	9.050.000	7.833.432	7.000.000
Landslið .....	5.900.000	2.990.700	8.000.000
Fræðslu og útb.starf .....	500.000	940.694	1.000.000
Aðrar tekjur .....	10.035.000	8.442.595	3.400.000
	<b>51.725.000</b>	<b>39.535.408</b>	<b>41.100.000</b>
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn .....	17.091.624	15.596.526	12.000.000
Þjálfun og kennsla .....	979.000	785.557	4.000.000
Iþróttaleg viðskipti .....	21.720.000	15.993.959	16.400.000
Fræðslu og útb.starf .....	965.000	1.999.930	3.000.000
Rekstur mannvirkja .....	760.000	708.974	700.000
Önnur gjöld .....	9.850.000	6.057.039	3.000.000
	<b>51.365.624</b>	<b>41.141.985</b>	<b>39.100.000</b>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		<b>359.376</b>	<b>(1.606.577)</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals ....		(190.000)	(1.235.674)
			(1.700.000)
Hagnaður (tap) .....		<b>169.376</b>	<b>(2.842.251)</b>
			<b>300.000</b>

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

Sjá þingskjal nr. 31 a

## Fjárhagsáætlun 2005

Rekstrartekjur	Áætlun 2005	Rauntölur 2004	Áætlun 2004
Framlög og styrkir .....	18.550.000	12.688.212	15.000.000
Tekjur af leikjum .....	7.070.000	6.639.775	6.700.000
Auglýsingatekjur .....	9.050.000	7.833.432	7.000.000
Landslið .....	5.900.000	2.990.700	8.000.000
Fræðslu og útb.starf .....	500.000	940.694	1.000.000
Aðrar tekjur .....	10.035.000	8.442.595	3.400.000
	<b>51.105.000</b>	<b>39.535.408</b>	<b>41.100.000</b>
Rekstrargjöld			
Yfirstjórni .....	16.691.624	15.596.526	12.000.000
þjálfun og kennsla .....	979.000	785.557	4.000.000
Íþróttaleg viðskipti .....	21.570.000	15.993.959	16.400.000
Fræðslu og útb.starf .....	965.000	1.999.930	3.000.000
Rekstur mannvirkja .....	760.000	708.974	700.000
Önnur gjöld .....	9.850.000	6.057.039	3.000.000
	<b>50.815.624</b>	<b>41.141.985</b>	<b>39.100.000</b>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<b>289.376</b>	<b>(1.606.577)</b>	<b>2.000.000</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals ....	( 190.000)	1.235.674	( 1.700.000)
Hagnaður (tap) .....	<b>99.376</b>	<b>2.842.251)</b>	<b>300.000</b>

Fjárhagsnefnd

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

Tillaga að skipun milliþinganefndar  
vegna mótahalds yngri flokka.

Ársþing KKÍ 2005 samþykkir að skipa milliþinganefnd til að endurskoða reglugerðir um mótahald yngri flokka. Nefndin skal taka fyrir þingskjöl 3, 4, 15, 22, 23, 24 og 25 og endurskoða almennt reglugerðir um mótahald yngri flokka. Nefndin skal tryggja að öll sjónarmið félaganna komi fram, senda hugmyndir sínar til forsvarsmanna félaganna og kalla eftir athugasemdum frá þeim. Hún skal leggja tillögur sínar fyrir Ársþing KKÍ 2006.

Lagt er til að eftirtaldir aðilar verði í nefndinni: Bjarni Gaukur Þórmundsson, Snorri Örn Arnaldsson, Ingi Pór Steinþórsson, Pétur Hrafn Sigurðsson og Karl Jónsson.

Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Ný tillaga nr. 33 (A)

**Reglugerð um þáttöku félaga í úrvalsdeild karla og þáttöku meistaraflokks í bikarkeppni KKÍ**

Eftirfarandi breyting á 1. kafla er lögð til:

**1. kafli.**  
**Hlutgengi leikmanna**

**Grein 1.1. hljóði svo:**

**1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram einum leikmanni með ríkisborgarárétt utan Evrópu.**

Einnig lögð til eftirfarandi breyting á 3. kafla

*3. kafli.*  
*Leikmannasamningar / launapak*

**Grein 3.2.1. hljóði svo:**

**3.2.1.**

Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 500.000 **400.000** á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Að hámarki er félagi heimilt að greiða ~~leikmönnum~~ leikmanni utan Evrópu ~~300.000 kr.~~ **200.000 kr.** í laun. Hlunnindi (íbúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launapaks.

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

## Þing KKÍ haldið á Ísafirði 30. apríl - 1. maí 2005

Ný tillaga nr. 34 (B)

### Reglugerð um þáttöku félaga í úrvalsdeild karla og þáttöku meistaraflokks í bikarkeppni KKÍ

Eftirfarandi breyting á 1. kafla er lögð til:

#### 1. kafli. Hlutgengi leikmanna

##### Grein 1.1. hljóði svo:

1.1. Hverju félagi skal heimilt að tefla fram tveimur erlendum leikmönnum. Með „erlendum leikmönnum” er í þessari reglugerð átt við aðra en íslenska ríkisborgara, sjá þó 7. grein reglugerðar um erlenda leikmenn.

Einnig lögð til eftirfarandi breyting á 3. kafla

#### 3. kafli. Leikmannasamningar / launapak

##### Grein 3.2.1. hljóði svo:

###### 3.2.1.

Félagi er ekki heimilt að greiða hærri heildarfjárhæð en sem nemur samtals kr. 500.000 á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Að hámarki er félagi heimilt að greiða **erlendum** leikmönnum utan Evrópu 300.000 kr. í laun. Hlunnindi (íbúð, bíll og fæði) fyrir erlenda leikmenn eru utan launapaks.

##### Grein 3.4. hljóði svo:

###### 3.4.

Öll hlunnindi **evrópskra íslenskra** leikmanna skulu falla undir launapakið og skal miðað við eftirfarandi viðmið, þó má notast við raunkostnað:

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld